SIGURLAUG G. INGÓLFSDÓTTIR

*Kærleikssamtökin veita fólki leiðsögn um lífið*

heilsa brúðkaup

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÞRÁINN BERTELSSON

*Skrifar tvær bækur í kapphlaupi við sjálfan sig*

Vinnur að framhaldi Einhvers konar ég

FÓLK 34




SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. febrúar 2006 — 58. tölublað — 6. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000


# Bera fyrir sig minnisleysi

**Réttarhöld hófust fyrir héraðsdómi í gær í máli ríkislögreglustjóra gegn Sveini R. Eyjólfssyni, Eyjólfi Sveinssyni og átta stjórnendum fyrirtækja þeirra. Alls nema kröfurnar í málinu 105 milljónum króna.**

**DÓMSMÁL** Feðgarnir Sveinn R. Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson báru fyrir sig minnisleysi er þeir voru inntir eftir efnisatriðum og skipulagsmálum fyrirtækja er þeir stýrðu. Þeir voru í forsvari fyrir Frjálsa fjölmiðlun, aðaleiganda Fréttablaðsins ehf. og Vísis.is ehf. sem áttu og ráku Fréttablaðið og vefinn Vísi.is þar til félögin fóru í þrot sumarið 2002.



SVEINN R. EYJÓLFSSON



EYJÓLFUR SVEINSSON

Mál ríkislögreglustjóra gegn feðgunum Sveini og Eyjólfi og átta stjórnendum fyrirtækja í eigu þeirra, sem sakaðir eru um stórfelld brot gegn lögum um virðisaukaskatt og greiðslu opinberra gjalda, var tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Samtals nema kröfurnar vegna vangoldinna opinberra gjalda rúmlega 45 milljónum króna en kröfur vegna brota á lögum um virðisaukaskatt nema rúmlega 36 milljónum króna. Þá eru Eyjólfur Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Vísis.is ehf. og forsvarsmaður Fréttablaðsins ehf., og Svavar Ásbjörnsson, fyrrverandi fjármálastjóri Vísis.is ehf. og Fréttablaðsins ehf., ákærðir fyrir að hafa með ólögmætum hætti millifært vorið 2002 tæplega 25 milljónir króna af reikningi Vísis.is ehf. yfir á reikning Fréttablaðsins ehf.

Við aðalmeðferð málsins í gær bar Eyjólfur fyrir sig minnisleysi á ýmsum skipulagsþáttum þeirra fyrirtækja sem hann sat í stjórn hjá á því tímabili sem brotin voru framin.

Þá firrtu bæði Svavar og Sveinn sig ábyrgð á þeirri fjármálaóreiðu sem einkenndi fyrirtækin eru tengdust Frjálsri fjölmiðlun, en eftir ítarlega rannsókn á gjaldþrotinu voru tíu einstaklingar ákærðir fyrir stórfelld brot á lögum um virðisaukaskatt og greiðslu opinberra gjalda.

Þáttur feðganna Eyjólfs Sveinssonar og Sveins Eyjólfssonar er samkvæmt ákæru Ríkislögreglustjóra viðamestur en ákæra á hendur Marteini Jónassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Nota Bene hf., eru margþætt og nema kröfurnar vegna brota sem hann er ákærður fyrir ásamt fleirum, tugum milljóna króna.

Heildarkröfur í málinu öllu nema um 105 milljónum króna.

Aðalmeðferð verður framhaldið í héraðsdómi í dag.

-mh /sjá síðu 6



**BJÖRN HAFSTEINSSON** Gengur nú um hækjulaus eftir að hann missti báða fætur neðan við hné í ágúst. Hann þakkar þjálfurum sínum á Grensás þann frábæra árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Björn Hafsteinsson gengur á ný eftir alvarlegt slys:

# Þetta gengur alveg meiriháttar vel

**ENDURHÆFING** Björn Hafsteinsson strætisvagnastjóri sem missti báða fætur neðan við hné í umferðarslysi í ágúst er farinn að ganga á ný.

Hann hefur sótt endurhæfingu á Grensásdeild síðustu tvo mánuði og getur nú gengið um án þess að styðja sig við hækjur. „Ég byrjaði í endurhæfingu þriðja janúar og þetta gengur alveg meiriháttar vel,“ segir Björn og þakkar góðu starfsfólki á Grensás þennan frábæra árangur á þessum skamma tíma. „Ég hef haft alveg stórkostlega þjálfara sem hafa stutt við bakið á mér,“ segir hann.

Björn hefur sótt þjálfun tvisvar á dag en nú stendur til að fækka skiptunum niður í eitt. „Ég hef sótt æfingar frá klukkan níu til tíu og svo aftur frá eitt og til að verða tvö. Nú á að minnka það og ég verð bara í æfingum á morgnana og verð laus eftir það. Þá fer ég bara heim og djöflast þar,“ segir Björn sem þykir þó betra að hafa hækjuna við höndina, það veiti sér öryggi.

Björn ók strætisvagni sem lenti í árekstri við vörubíl á mótum Kringlumýrarbrautar, Laugavegar og Suðurlandsbrautar 19. ágúst. Hann kastaðist út úr vagninum og segir það sína sögu að hann reyndi að fá aðstoð við að standa upp svo að hann gæti hugað að farþegunum. Það varð honum mikill léttir þegar hann heyrði að þeir hefðu ekki slasast.

Björn er ekki farinn að aka aftur en vonast til að það geti orðið bráðlega. „Ég þarf að fara í ökumat og þá kemur þetta í ljós. Ég hlakka til að geta ekið aftur svo ég geti farið svolítið um.“ -bþs



**FRANSKIR SVANIR** Yfirvöld vara við því að þekkingarskortur vísindamanna á hegðun farfugla geti leitt til þess að erfiðara verði að takast á við fuglaflensuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dýralæknar funda um fuglaflensu:

# Vara við vanþekkingu

**PARÍS, AP** Þekkingarskortur bæði á hegðun farfugla og fuglaflensuvírusnum gæti komið heiminum í koll, að sögn dýralækna sem funduðu í París í Frakklandi í gær, en lítið er vitað um hvernig fuglarnir geta dreift vírusnum.

Yfirvöld óttast að H5N1 fuglaflensuveirustofninn stökkbreytist svo að hann smitist frá manni til manns og geti þá valdið heimsfaraldri. Enn sem komið er virðist fólk þurfa að handleika fugla til að smitast. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tilkynnti í gær að samkvæmt hennar tölum hafa 173 manns sýkst af fuglaflensu síðan árið 2003, og af þeim hafa 93 látist úr flensunni. - smk

## Af prófkjörum

Prófkjör eru góð til endurnýjunar, segir Valgerður Bjarnadóttir. Þess vegna hafa t.d. sitjandi þingmenn minni áhuga á að nota prófkjörsaðferðina en þeir sem ganga með þingmanninn í maganum.



Í DAG 18

## Hitti Bono eftir tónleika



Útvarpsmaðurinn Skúli Örn Sigurðsson kom ekki upp orði þegar hann hitti átrúnaðargoð sitt eftir tónleika á Wembley.

FÓLK 34

## Hannar golfvelli

Snorri Vilhjálmsson er fyrsti Íslendingurinn til að ljúka meistaraprófi í golfvallararkitektúr.

TÍMAMÓT 20

## Leikið til sigurs



Eyjólfur Sverrisson stýrir íslenska knattspyrnulandsliðinu í fyrsta skipti í kvöld er liði mætir Trínidad og Tóbagó í London. Eyjólfur segist aðallega hafa breytt varnarleiknum og ætlar að leika til sigurs.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG





**VÍÐAST BJARTVIÐRI** í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg átt en 8-13 m/s við austurströndina. Víðast bjartviðri en þó stöku él norðaustan eða austan til. Frost 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4





## SPURNING DAGSINS

*Oddur, er ekki alltaf sprengidagur hjá ykkur?*

Jú, en í dag verður bæði sprengt og borðað af krafti.

Oddur Friðriksson er yfirtrúnaðarmaður starfsmanna hjá Impregilo á Kárahnjúkum en þar er verið að sprengja og bora af fullum krafti en í dag er sprengidagur.

Breska lyfjastofnunin varar við ofvirknilyfinu Strattera:

# Alvarlegar aukaverkanir

**LYFJAMÁL** Breska lyfjastofnunin MHRA, sem verið hefur í forsvari fyrir evrópska áhættu-/gagnsemisrannsókn á lyfinu Strattera, hefur varað við aukaverkunum sem notkun lyfsins getur haft í för með sér.

Lyfjastofnunin sendi frá sér fréttatilkynningu fyrr í þessum mánuði með viðvörun vegna aukaverkana sem fylgja notkun lyfsins og felast í aukinni sjálfsvígshættu, hjartsláttaróreglu, krampaköstum og hugsanlegum lifrarskaða, að því er fram kemur á vefsíðu Lyfjastofnunar.

Strattera er fyrst og fremst notað við ofvirkni og athyglisbresti hjá börnum og unglingum. Það hefur verið á markaði í Bretlandi frá því í júlí 2004 og í Bandaríkjunum frá 2002. Lyfið hefur ekki enn verið markaðssett á Íslandi en hefur talsvert verið ávísað á undanþágulyfseðlum.

Mímir Arnórsson, deildarstjóri upplýsingadeildar Lyfjastofnunar, segir að ekki hafi borist nein tilkynning um aukaverkanir lyfsins hér á landi.

„Það má í sjálfu sér búast við aukaverkunum af hvaða lyfi sem er," segir hann. „Það er ekki hægt að komast að því nema með því að taka lyfið í tiltekinn tíma." - jss



**VARAÐ VIÐ LYFI VIÐ OFVIRKNI** Engar tilkynningar um aukaverkanir lyfsins hafa borist til Lyfjastofnunar hér á landi, en breska lyfjastofnunin varar nú við því lyfi.

Rannsókn í Arnarfirði:

# Tvöfalt meiri rækja en í haust

**SJÁVARÚTVEGUR** Tvisvar sinnum meiri rækja fannst í Arnarfirði í rannsókn Hafrannsóknastofnunar í þessum mánuði en í haust þegar ákveðið var að veita ekki heimild til rækjuveiða þar. Að sögn Unnar Skúladóttur, sérfræðings hjá Hafrannsóknastofnun, er þó ekki um svo mikið magn að ræða að grundvöllur sé fyrir því að veita heimild til rækjuveiða á ný.

„Þetta eru gleðitíðindi en margir voru farnir að óttast það að hún væri að hverfa," segir Björn Björnsson, kollegi Unnar.

Hjalti Karlsson var leiðangursstjóri í rannsóknarferðinni. - jse

Fuglaflensan breiðir úr sér:

# Hundruðum fugla slátrað

**FUGLAFLENSA, AP** Fuglaflensan heldur áfram að dreifa úr sér. Í gær var smit staðfest í aliöndum í þriðja Afríkuríkinu, Níger, en áður hefur hún fundist í nágrannaríkinu Nígeríu og í Egyptalandi. Jafnframt var smit staðfest í villtum svönum í Bosníu og Georgíu. Hundruðum fugla var slátrað, og halda heilbrigðisyfirvöld áfram þeim starfa í dag.



KJÚKLINGAR

Bosnísk yfirvöld skipuðu fuglabændum að færa alla sína alifugla inn, og í Georgíu var öll skotveiði bönnuð á fuglum. Gengu yfirvöld þar reyndar svo langt að gera skotvopn ætluð til veiða á fuglum upptæk. - smk

Da Vinci lykillinn fyrir rétti:

# Brown sakaður um ritstuld

**LONDON, AP** Réttarhöld hófust í London í gær um hvort rithöfundurinn Dan Brown, höfundur Da Vinci-lykilsins, hafi gerst sekur um ritstuld við skrif bókarinnar. Michael Baigent og Richard Leigh, tveir af þremur höfundum bókarinnar Holy Blood, Holy Grail, stefndu útgefanda Browns, Random House-forlaginu. Það forlag gaf einnig út þeirra bók fyrir 24 árum.

Báðar bækurnar byggja á þeirri kenningu að Jesús hafi kvænst Maríu Magdalenu, átt með henni barn og að afkomendur þeirra séu á lífi. Málið stefnir frumsýningu stórrar kvikmyndar sem byggð er á bók Browns í hættu, en frumsýna á hana 19. maí. - smk



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Prófessorar eru sammála rektor um að stefna beri hátt en benda á aðstöðumun HÍ og einkaskólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sveltur skóli kemst ekki í fremstu röð

**Tvær deildir Háskóla Íslands hafa farið fram á heimild til þess að innheimta skólagjöld og telja ókleift að koma skólanum í röð fremstu skóla án þess að hækka gjöld á hvern nemanda um fimmtíu prósent.**

**MENNTAMÁL** Forsetar lagadeildar og viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands telja ókleift að gera skólann einn af hundrað bestu skólum í heimi án þess að auka framlög verulega til kennslu og rannsókna. Báðar deildirnar hafa formlega farið fram á heimild til innheimtu skólagjalda til að mæta kostnaði við meistaranám.

Við útskrift nemenda frá Háskóla Íslands á dögunum ræddi Kristín Ingólfsdóttir rektor hugmyndir um að koma skólanum í hóp hundrað fremstu háskóla í heimi, en frændþjóðirnar eiga skóla í þeim hópi.

Páll Hreinsson, forseti lagadeildar HÍ, segir deildarfund hafa samþykkt að fara fram á heimild til innheimtu skólagjalda ef ekki fáist aukið fé eftir öðrum leiðum. „Aðstöðumunurinn milli ríkisskólanna og hinna svokölluðu einkaskóla, er mikill. Þeir fá báðir fullt ríkisframlag og geta einkaskólarnir tekið að minnsta kosti hálfa milljón króna á ári aukalega með hverjum nemanda í formi skólagjalda. Auk þess að fá 418 þúsund krónur á ári eins og við fær Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst að minnsta kosti hálfa milljón króna að auki," segir Páll Hreinsson.

Undir þetta tekur Gylfi Magnússon, forseti viðskipta- og hagfræðideildar, og segir að af liðlega 400 þúsund krónum fari fjórðungur í sameiginlegan rekstur.

„Það er gott að setja markið hátt en þá þurfa að fylgja fjárveitingar við hæfi," segir Páll og bætir við að náið samband sé milli gæða námsins og fjárveitinganna. „Fjárveitingarnar sem við höfum í dag munu ekki skila okkur á þennan lista. Við þurfum að hafa ráð á rannsóknum, hæfu fólki og geta boðið upp á doktorsnám, en það er dýrast," segir Páll Hreinsson.

Gylfi Magnússon telur að unnt sé að bjóða meistaranám með sómasamlegum hætti með því að hækka framlögin um fimmtíu prósent. johannh@frettabladid.is



**PÁLL HREINSSON FORSETI LAGADEILDAR** Segir einkaskólana fá fullt ríkisframlag, auk þess að fá um hálfa milljón á hvern nema í formi skólagjalda.



**GYLFI MAGNÚSSON FORSETI VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILDAR** Telur að bjóða megi meistaranám með sómasamlegum hætti fyrir 50 prósenta hærri framlög.

Saddam Hussein:

# Er byrjaður að borða á ný

**ÍRAK** Saddam Hussein er hættur í hungurverkfalli eftir að hafa þraukað í 11 daga, að sögn helsta lögfræðings hans. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.



SADDAM HUSSEIN

Einræðisherrann fyrrverandi gaf hungurverkfallið upp af „heilsufarsástæðum", og segir lögfræðingurinn að Saddam hafi lést um fjögur til fimm kílógrömm á síðustu ellefu dögum. Saddam og aðrir meðákærðir hættu að neyta matar í mótmælaskyni við málsmeðferð gegn sér, en þeir eru ákærðir fyrir að hafa valdið dauða 148 manna í Dujail í Írak. Réttarhöldin halda áfram í dag. - smk

## BANDARÍKIN

**Nýtt mat** Bandaríkjastjórn ætlar að endurmeta fyrirtæki frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum og kanna það út frá þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Búið var að semja við fyrirtækið um rekstur sex stórra bandarískra hafna, þegar þingmenn Bandaríkjastjórnar sögðu erlendan rekstraraðila geta ógnað öryggi bandarísku þjóðarinnar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Á ógnarhraða** Fertugur maður var á sunnudagsmorgun tekinn á 160 kílómetra hraða á Hafnarfjarðarvegi. Þar er hámarkshraði 80 kílómetrar á klukkustund. Maðurinn má vænta að verður sviptur ökuréttindum.

**Umferðaróhöpp** Fjórir árekstrar urðu í Hafnarfirði á sunnudag. Enginn slys urðu á fólki en eignartjón varð nokkurt. Einn bílanna var fluttur burt með kranabíl.


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

**Kynningarverð: 8.800 kr.**

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


Starfandi stjórnarformaður Kaupþings segir nauðsynlegt að horfa á samhengið:

# Bankarnir sterkari en fyrr

**EFNAHAGSMÁL** Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður Kaupþings banka, segir að Fitch hafi með lánshæfismati sínu metið það svo að líkurnar á því að skuldbindingar ríkissjóðs fari í vanskil hafi aukist. Menn ættu því að spyrja sig að því hvort það sé líklegra nú en áður. „Allir þokkalega viti bornir menn hljóta að sjá að svo er ekki. Aðalmálið er að þetta er lánshæfismat. Það er verið að meta líkurnar á að eitthvað verði ekki greitt. Ég held að allir hljóti að sjá að líkurnar á því hafa ekki aukist," segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, velti upp þeirri spurningu í síðustu viku hvort ríkissjóður og Seðlabankinn gætu staðið að baki fjármálakerfinu ef á reyndi, hvort undirstofnanir efnahagskerfisins hefðu þann styrk sem þyrfti og hvort myntin og hagkerfið réðu við útþensluna.

„Það hvarflar ekki að mér að taka þátt í þessari umræðu því það mun ekki reyna á það hvort ríkið eða stofnanir þess standa að baki fjármálafyrirtækjunum. Íslenskir bankar eru sterkari nú en nokkru sinni áður. Menn verða að horfa á það í því samhengi en menn horfa stundum bara á aðra hliðina og taka ekki tillit til þess hverjar eru eignir kerfisins í dag," segir Sigurður.- ghs



**SIGURÐUR EINARSSON** Starfandi stjórnarformaður Kaupþings banka segir líkur á því að ríkið standi ekki við skuldbindingar sínar hafi ekki aukist.

MITSUBISHI MOTORS

# Flottur 2.650.000 kr.

## Outlander Comfort 4X4

sjálfskiptur með 2,4 lítra 160 hestafla vél

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA-5477




**27.600 kr. á mánuði***

### Staðalbúnaður í Outlander:

- Sítengt aldrif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Þakbogar
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn
- Skriðstillir (Cruise control)

### Flottur og frísklegur sportjeppi

sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

Outlander er einnig fáanlegur í sportútgáfu með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,12 | 66,44 |
| Sterlingspund | 115,02 | 115,58 |
| Evra | 78,35 | 78,79 |
| Dönsk króna | 10,503 | 10,565 |
| Norsk króna | 9,759 | 9,808 |
| Sænsk króna | 8,293 | 8,341 |
| Japanskt jen | 0,569, | 0,5724 |
| SDR | 94,94 | 95,595 |

*Gengisvísitala krónunnar*
110,3704

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fiskeribladet fjallar um áhrif krónunnar á sölu sjávarafurða hjá Norðmönnum:

# Á fyrsta farrými til helvítis

**NOREGUR** Efnahagskreppa á Íslandi getur haft neikvæð áhrif á sjávarútveg í Noregi, að sögn vefútgáfu Fiskeribladet í Noregi. Ef íslenska krónan fellur gefur það Íslendingum forskot í samkeppninni við Norðmenn á markaði fyrir sjávarafurðir.

„Ef það verður efnahagslegur jarðskjálfti á Íslandi getur það komið illa út fyrir sjávarútveginn í Noregi. Ef Íslendingarnir fara á fyrsta farrými til helvítis þá mun sterkt og viðvarandi fall krónunnar gefa þeim forskot í baráttunni við Norðmenn í sölu sjávarafurða,“ segir blaðið.



**FISKVEIÐAR** Fiskeribladet veltir fyrir sér áhrifum gengis krónunnar á samkeppnina við Norðmenn í sölu sjávarafurða. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, segir að þetta sé ekki rétt. Það sé ekki gengi krónunnar sem stýri framboði og eftirspurn sjávarafurða erlendis. Það sé bara hluti af markaðnum.

„Það er markaðsverð sem gildir. Það hefur frekar verið væntun á sjávarafurðum þannig að verðið er frekar hátt. Það er engin ástæða til að ætla það að fall krónunnar hafi áhrif á sölu sjávarafurða hjá Norðmönnum.“ **- ghs**

Fjárhagur Palestínu:

# Hrun á næstu tveimur vikum

**PALESTÍNA, REUTERS** Fyrrverandi forstjóri Alþjóðabankans, James Wolfensohn, spáir efnahagslegu hruni í Palestínu innan tveggja vikna vegna ákvörðunar Ísraels að hætta skattaendurgreiðslum til nýrrar stjórnar Palestínu sem Hamas-hreyfingin leiðir. Fjórði hver Palestínumaður er á launaskrá hjá ríkinu og miklar líkur á að ef stjórnvöld ná ekki að greiða út laun skapist ólga með ófyrirséðum afleiðingum.

Þrátt fyrir fjárhagsaðstoðina frá ESB og fleirum vantar palestínsk stjórnvöld 100 milljónir upp á til að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sínar fyrir febrúarmánuð. **- sdg**



**FRÁ SLYSSTAÐ** Þyrlur danska og bandaríska hersins fóru á slysstað auk um 150 björgunarsveitarmanna. MYND/NFS

Ökumaður jeppa á Hofsjökli:

# Losnar af gjörgæslu í dag

**SLYS** Líðan ökumannsins, sem lifði af um tuttugu metra fall jeppa niður í sprungu á Hofsjökli á laugardag, er eftir atvikum góð. Hann liggur á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.

Sérfræðingur á gjörgæsludeild segir manninn verða útskrifaðan af deildinni í dag.

Maðurinn var ásamt félaga sínum, Tómasi Ými Óskarssyni, í samfloti tveggja annarra jeppa þegar slysið varð. Tómas lét lífið.

Um sjöleytið í gærkvöld höfðu á annað hundrað manns vottað aðstandendum Tómasar samúð sína á vef ferðaklúbbsins 4x4. **- gag**

## KJARAMÁL

**Árangurslaus fundur** Sáttafundi slökkviliðsmanna og viðsemjenda þeirra lauk í gærkvöld án árangurs. Annar fundur hefur verið boðaður í hádeginu á morgun. Það virðist enn nokkuð langt í land með að samkomulag náist en samþykkt um verkfallsboðun var gefin út nýlega.

## BRETLAND

**Ránsfengurinn yfir 6 milljarðar** Breska lögreglan greindi í gær frá því að ránsfengurinn í ráninu í reiðufjárgeymslumiðstöð Securitas í Tonbridge í Kent í síðustu viku hefði numið 53 milljónum punda, andvirði um 6,15 milljarða króna. Þetta er stærsta fjárupphæð sem nokkru sinni hefur verið stolið í einu ráni í Bretlandi.

# Mikill hagur yrði af friðarviku Lennons

**Friðarvika og veiting friðarverðlauna í nafni Johns Lennon gæti haft mikinn efnahagslegan ávinning í för með sér að mati Ágústs Einarssonar hagfræðiprófessors. Hann hvetur stjórnvöld til að taka hugmyndum Yoko Ono af stórhug.**

**HEIMSFRIÐUR** „Þetta myndi hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt og alþjóðlegt menningarlíf. Þetta er mjög góð hugmynd og við eigum að styðja við hana á allan hátt,“ segir Ágúst Einarsson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, um hugmyndir Yoko Ono, ekkju Johns Lennon, um að árleg friðarvika í nafni Lennons verði haldin á Íslandi í kringum fæðingardag hans 9. október. Þá leggur hún til að stofnað verði til friðarverðlauna í nafni þeirra Lennons og þau veitt á friðarvikunni.



**ÁGÚST EINARSSON PRÓFESSOR**

Ágúst, sem hefur rannsakað sérstaklega hagræn áhrif tónlistar, segir mikil efnahagsleg áhrif geta orðið af slíkri viku og verðlaunum, bæði bein og óbein. Fjöldi fólks kæmi til landsins vegna friðarvikunnar, ímynd Íslands sem menningarlands myndi styrkjast, íslensk menning eflast og möguleikar íslenskra listamanna á útflutningi á list sinni aukast. „Öll rök styðja að við tökum þessu opnum örmum. Svona tækifæri gefast ekki oft og það verður að grípa þau þegar þau gefast,“ segir Ágúst.

Ef af yrði myndi Íslenskt samfélag án efa hafa talsverðan kostnað af tilstandinu en Ágúst segir þeim peningum, sama hve miklir þeir yrðu, vel varið. „Við eigum að leggja það fram sem þarf í þessu efni. Það þarf að hugsa eins og Lennon gerði sjálfur á sínum tíma, hugsa stórt. Stjórnvöld og aðrir eiga að taka þessu af stórhug enda er það í anda þeirra sem verðlaunin verða kennd við.“ Hugmyndin er afar skammt á veg komin og því ógjörningur að slá fram tölum um mögulegan kostnað og hugsanlegan hagnað. Ágúst efast þó ekki um að ágóðinn gæti numið háum fjárhæðum. „Beinu áhrifin er hægt að telja í tugum og jafnvel hundruðum milljóna þegar hugsað er lengra fram í tímann. Óbeini ávinningurinn hleypur líka á stórum upphæðum.“

Bæði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hafa tekið vel í hugmyndir Yoko Ono. **bjorn@frettabladid.is**



**JOHN LENNON OG YOKO ONO** Mikil hagræn áhrif gætu orðið af árlegri friðarviku í nafni Lennons á Íslandi og friðarverðlauna í nafni þeirra hjóna. Borgarstjóri og menntamálaráðherra hafa tekið vel í hugmyndir Yoko Ono þess efnis. NORDICPHOTOS/AFP

Árleg friðarhátíð á Íslandi:

## Samstarf milli ríkis og borgar

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir koma til greina að ríkið taki þátt í að halda árlega friðarhátíð sem Yoko Ono vill hafa á Íslandi í kringum 9. október, afmælisdag Johns Lennon heitins. Málið hefur ekki komið inn á borð samgönguráðherra ennþá en hann segir líklegt að vinnan yrði þá í samstarfi við Reykjavíkurborg sem hefur verið með frumkvæðið að þessu.



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA**

„Þetta eru athyglisverð áform hjá Yoko Ono og sérstaklega það að hún skuli velja Ísland,“ segir Sturla sem telur að sú athygli sem landið fær á þessum jákvæðu forsendum sé mikils virði. **- sdg**

Borgin sér um friðarhátíðina:

## Algerlega á okkar vegum

Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs, segir að borgin muni ekki leita til ríkisins með eitt né neitt varðandi árlega friðarhátíð sem er fyrirhuguð á Íslandi í tengslum við friðarsúluna sem Yoko Ono ánafnaði Reykjavík og mun rísa í Viðey. En öllum þeim sem vilja sé velkomið að taka þátt í undirbúningi. „Höfuðborgarstofa er í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu og fullfær um skipulagninguna,“ segir Stefán.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**

Friðarverðlaunin verða afhent næst 9. október 2007. **- sdg**





Mest lesna tímarit landsins!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KALDIR DAGAR** Næstu dagar verða frostdagar um allt land. Sýnu kaldast verður inn til landsins norðaustan til. Einna bjartast verður við og í kringum höfuðborgina en stöku él verða á landinu norðan- og austanverðu.
Vindur verður einna mestur við austurströndina í dag og næstu daga, yfirleitt 8-13 m/s, en annars hægari vindur á landinu. Ekki er að sjá hlýindi alveg á næstunni.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Hæg norðaustlæg átt. Bjartviðri. Vægt frost.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Strekkingur austan til, annars hægari.

*» fimmtudagur*




Strekkingur austast, annars 5-10 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C snjókoma | París | 4°C hálfskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Osló | -4°C alskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílano | 3°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -1°C hálfskýjað | Frankfurt | 2°C snjóél | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -6°C alskýjað | Madríd | 13°C heiðskírt | San Francisco | 14°C þrumur |
| London | 6°C léttskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

**3.990**

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Hive

**Það er ekkert mál að skipta.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



## KJÖRKASSINN

*Á að leyfa útlendingum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Viltu láta reisa friðarsúlu Yoko Ono í Viðey?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Einsetumaður á Akureyri grunaður um að klæmast við börn í síma:

# Valdi börnin af handahófi

**LÖGREGLA** Lögreglan á Akureyri hefur undanfarna mánuði rannsakað meint blygðunarbrot karlmanns á Akureyri gagnvart ungum börnum sem búsett eru vítt og breitt um land. Er maðurinn grunaður um að hafa hringt í símanúmer af handahófi og klæmst við börn sem svöruðu hringingum hans ef foreldrar þeirra voru ekki heima.

Guðmundur St. Svanlaugsson, rannsóknarlögreglumaður á Akureyri, segir sex kærur hafa borist vegna mannsins en unnið hefur verið að rannsókn málsins frá því í fyrravor. „Ein kæran kemur frá umdæmi lögreglunnar á Akureyri en hinar eiga uppruna sinn í öðrum lögregluumdæmum. Svo virðist sem maðurinn hafi notað tvö óskráð símanúmer eingöngu í þessum tilgangi en um er að ræða einsetumann sem ekki hefur áður komið við sögu lögreglunnar,“ segir Guðmundur.

Ekki hefur verið tekin formleg skýrsla af manninum en Guðmundur segir að hann verði yfirheyrður í næstu viku.

Börnin sem maðurinn er grunaður um að hafa klæmst við eru á aldrinum 10 til 13 ára og af báðum kynjum. - kk



**BARN** Foreldrar sex barna hafa kært manninn fyrir dónasímtöl.

Samdráttur hjá Íbúðalánasjóði:

## 128 milljónir greiddar upp

**VIÐSKIPTI** Útistandandi lán Íbúðalánasjóðs drógust saman um tæp 13 prósent í fyrra eða um 54 milljarða.

Hagnaður af rekstri sjóðsins nam rúmum 1,1 milljarði króna sem er svipuð afkoma og árið áður. Útlán námu 73,7 milljörðum króna, en alls voru greidd upp lán fyrir 128 milljarða króna. Markaðshlutdeild sjóðsins á íbúðalánamarkaði hefur dregist saman og er 47 prósent samanborið við 68 prósent árið áður. Bankarnir hafa aukið sína hlutdeild úr 19 prósentum í 41 prósent á sama tímabili.

Vanskil hjá Íbúðalánasjóði eru í lágmarki. - hh



**PLASSNIK OG SOLANA** Utanríkisráðherra Austurríkis, sem fer með formennskuna í ESB, og utanríkismálastjóri ESB á ráðherrafundinum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherrafundur ESB:

## Veita fé til Palestínu

**BRUSSEL, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins samþykktu í gær að veita 120 milljónum evra, andvirði tæplega 9,5 milljarða króna, í bráðaaðstoð til palestínsku heimastjórnarinnar áður en ný stjórn undir forystu Hamas-samtakanna tekur við völdum. Hamas eru ennþá á lista Evrópusambandsins yfir hryðjuverkasamtök.

Fjárhagsaðstoðinni er ætlað að forða Palestínu frá „efnahagslegu öngþveiti“ sem ella væri yfirvofandi, að því er franski utanríkisráðherrann Philippe Douste-Blazy lét hafa eftir sér. Fénu er ætlað að standa straum af kostnaði við orkukaup, heilbrigðis- og menntaþjónustu og launum starfsmanna palestínsku heimastjórnarinnar. ■

Ungir sjálfstæðismenn:

## Samkeppni um nemendur

**STJÓRNMÁL** „Framhaldsskólar eiga að keppa um nemendur og starfsfólk á grundvelli eigin stefnu og markmiða,“ segir í ályktun frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna sem fagnar ákvörðun menntamálaráðherra um að leggja af samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum.



**BORGAR ÞÓR EINARSSON FORMAÐUR SUS**

Jafnframt er kallað eftir breytingum á reglum um samræmda kennsluskrá á framhaldsskólastigi svo að skólarnir hafi meira val um kennsluefni og kennsluhætti. SUS hvetur stjórnvöld til að stuðla að aukinni þátttöku einkaaðila í menntamálum á öllum skólastigum. - sdg

Ný meðferð þróuð í Ástralíu:

## Þang notað gegn sykursýki

**LÆKNISFRÆÐI** Ástralskir vísindamenn þróa nú nýja meðferð gegn sykursýki þar sem sjávarþang gegnir mikilvægu hlutverki.

Litlum hylkjum er sprautað í líkama sjúklingsins en þau innihalda frumur sem framleiða insúlín. Hylkin eru búin til úr þangi sem líkaminn hafnar ekki sem aðskotahlut og því er lyfjagjöf til að bæta ónæmiskerfið óþörf. Þetta kemur í veg fyrir alvarlegar aukaverkanir sem er vandamál við meðferð sykursjúkra. - shá

# Neita ábyrgð á óreiðu

**Eyjólfur Sveinsson og Sveinn Eyjólfsson neita ábyrgð á fjármálaóreiðu fyrirtækja tengdum Frjálsri fjölmiðlun. Vanskil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum nema um áttatíu milljónum króna.**

**DÓMSMÁL** Eyjólfur Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Vísis.is, og Svavar Ásbjörnsson, fyrrverandi fjármálastjóri sama fyrirtækis, neituðu báðir að bera ábyrgð á millifærslum sem samtals námu tæplega 25 milljónum króna af reikningi Vísis.is ehf. yfir á reikning Fréttablaðsins ehf. í apríl árið 2002.

Eyjólfur og Sveinn voru í forsvari fyrir eignarhaldsfélagið Vísi.is og Fréttablaðið ehf., sem gaf Fréttablaðið út áður en það fór í þrot fyrir um þremur árum.

Eyjólfi er gefið að sök að hafa fyrirskipað Svavari, sem var fjármálastjóri bæði Vísis.is ehf. og Fréttablaðsins ehf., að millifæra tæpar 25 milljónir í 24 millifærslum frá 29. apríl 2001 til 27. maí sama ár.

Í ákæru ríkislögreglustjóra segir að Eyjólfi og Svavari hafi báðum verið kunnugt um að ekki hafi verið innistæða fyrir millifærslunum, auk þess sem ekki hafi verið heimild til yfirdráttar. Þá hafi skuldastaða Vísis.is ehf. verið með þeim hætti að afar ólíklegt hafi verið að fyrirtækið hafi getað borgað til baka þá upphæð sem í heild var millifærð yfir á reikning Fréttablaðsins ehf.



**EYJÓLFUR SVEINSSON SKOÐAR MÁLSGÖGN** Hart var sótt að Eyjólfi fyrir dómi í gær en hann firrti sig ábyrgð á fjármálaóreiðu, sem leiddi til ákæra á hendur tíu manns vegna vangoldinna opinberra gjalda og ógreidds virðisaukaskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞEIR SEM ÁKÆRÐIR HAFA VERIÐ**

* Eyjólfur Sveinsson
* Sveinn R. Eyjólfsson
* Svavar Ásbjörnsson
* Marteinn Kr. Jónasson
Karl Þór Sigurðsson
Ómar Geir Þorgeirsson
Sigurður Ragnarsson
Ólafur Haukur Magnússon
Valdimar Grímsson
Sverrir Viðar Hauksson
* Alvarlegustu ákærurnar eru á hendur Eyjólfi Sveinssyni, Sveini R. Eyjólfssyni, Svavari Ásbjörnssyni og Marteini Jónassyni, en þeir eru ákærðir fyrir að bera ábyrgð á vanskilum og ógreiddum opinberum gjöldum fyrirtækja er nema tugum milljóna króna.

Eyjólfur er einnig ákærður, ásamt Sveini Eyjólfssyni föður sínum, fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda en brotin voru framin í rekstri Dagsprents á Akureyri. Eyjólfur var stjórnarformaður félagsins en Sveinn sat í stjórninni.

Í ákærunni eru þeir sagðir ábyrgir fyrir því að Dagsprent hf. hafi ekki staðið í skilum við sýslumanninn á Akureyri. Samtals nema kröfurnar rúmlega tveimur milljónum krónum.

Eyjólfur og Sveinn sögðust ekki bera ábyrgð á þessum greiðslum og samkvæmt vitnisburði þeirra í héraðsdómi var hvorugum þeirra kunnugt um hvers vegna þessi gjöld voru ekki greidd, og bar Eyjólfur því við að hann hefði ekki þekkt mikið til hvernig fjármálum Dagsprents hf. var háttað.

Marteinn Kr. Jónasson, framkvæmdastjóri prentfyrirtækisins Nota Bene hf., er ákærður ásamt Eyjólfi og Karli Þór Sigurðssyni, sem báðir sátu í stjórn fyrirtækisins, fyrir brot á lögum um virðisaukaskatt. Þrímenningarnir eru í ákæru ríkislögreglustjóra sagðir ábyrgir fyrir því að ekki voru greiddar tæpar fimmtán milljónir í virðisaukaskatt.



**LÖGMENN RÆÐA MÁLIN** Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólfs, er lengst til vinstri á myndinni en við hlið hans er Einar Hálfdánarson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eyjólfur neitaði því í gær að hafa átt að bera ábyrgð á þessari greiðslu og bar við minnisleysi þegar hann var spurður nánar út í stjórnskipun fyrirtækisins.

magnush@frettabladid.is

Kennarar Menntaskólans á Ísafirði vilja að allir sem áttu í illdeilunum víki:

# Sitja eftir reiðir og sárir

**MENNTAMÁL** Margir starfsmanna Menntaskólans á Ísafirði eru ýmist reiðir eða sárir eftir að tilkynnt var um fyrirhugað brotthvarf Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara. Þetta segir Gísli Halldórsson, fjármálastjóri skólans.

Gísli segir að kennararnir vilji að farið verði að ráðum Félagsvísindastofnunar Háskólans um að sex til sjö kennarar víki ákveði skólameistari að gera það vegna deilnanna þeirra á milli. Hann segir aðra starfsmenn sjá fyrir sér gríðarlega erfiða framtíð eigi brotthvarf Ólínu eitt að leysa vandann.

Guðmundur Þór Kristjánsson, kennari í vélstjórnar- og málmiðnaðardeild við skólann, segir stærstan hluta kennarahópsins, sextán til sautján manns, hafa þagað þann tíma sem átök á milli skólameistara og hóps kennara hafi staðið og látið allt yfir sig ganga. Hann geti ekki hugsað sér að starfa áfram innan skólans láti menntamálaráðuneytið brotthvarf Ólínu nægja: „Við hin höfum alla tíð trúað að ráðuneytinu væri alvara með úttekt Félagsvísindastofnunar og ætlaði að nota hana sem verkfæri að lausn málsins. Svo komumst við að því að það ætlaði aðeins að nota þann hluta niðurstöðunnar sem því hentaði. Stærsti hluti kennaranna var hafður af fífli með því að láta okkur skrifa undir samkomulag sem aldrei stóð til að standa við. Við erum fjúkandi reiðir yfir því.“

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður Skólameistarafélags Íslands, segir brotthvarf Ólínu verða skoðað í félaginu á næstunni. - gag



**DEILA SEM DREGUR DILK Á EFTIR SÉR** Ólína undirbýr sig fyrir sjónvarpsviðtal í gærkvöld. Hún segir að hún hafi ákveðið að láta af störfum svo að sá árangur sem hún hafi náð í starfi glatist ekki. „Ég get alltaf fundið mér annað starf og hafið nýtt líf,“ sagði Ólína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Undirskriftalisti á netinu:

## Gegn álveri á Norðurlandi

**STÓRIÐJA** Samtök um fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í Eyjafirði hafa hrundið af stað undirskriftarsöfnun á netinu gegn álveri á Norðurlandi. Söfnunin hófst um miðja síðustu viku og í gær höfðu á áttunda hundrað manns skráð nöfn sín á mótmælalistann.



**HLYNUR HALLSSON**

Hlynur Hallsson, varaþingmaður vinstri grænna í Norðausturkjördæmi og félagi í samtökunum, segir mótmælin ekki beinast eingöngu gegn álveri í Eyjafirði heldur á Norðurlandi í heild.

Á morgun mun Alcoa tilkynna hvort félagið ætli að ráðast í álversframkvæmdir á Norðurlandi. „Fari svo þá munum við samt halda mótmælum áfram,“ segir Hlynur. - kk




# Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

- hvort sem er kaup eða endurfjármögnun

Stuttar boðleiðir:
Þú færð svar innan þriggja virkra daga
frá því að þú skilar fullnægjandi gögnum.

Nýttu þér ráðgjöf okkar og persónulega þjónustu
sem tekur mið af þínum þörfum.
Komdu við í næsta útibúi SPRON
eða hafðu samband í síma 550 1200.

HÉR & NÚ / SÍA

Fyrirtækjaþjónusta

spron.is 550 1200

spron



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvaða stofnun veitir Bragi Guðbrandsson forstöðu?

2 Hvað heitir höfuðborg Indlands?

3 Hverjir eru bikarmeistarar í handknattleik karla?

SVÖR Á BLS. 34

Fredrik Reinfeldt, leiðtogi hægrimanna, kærir róg jafnaðarmanna til lögreglu:

# Lýst sem skrímsli og varúlfi

**SVÍÞJÓÐ** Fredrik Reinfeldt, leiðtogi sænska Hægriflokksins, hefur kært rógburðinn sem jafnaðarmenn hafa birt um hann til lögreglu, en tveir jafnaðarmenn hafa notað netið til að dreifa rógi um hann nú þegar hálft ár er til kosninga til sænska þingsins. Reinfeldt vill láta kanna hvort fleiri hafi staðið að þessu og þá hverjir.

Reinfeldt er lýst sem skrímsli, varúlfi, barnaníðingi, dýrinu í Fríðu og dýrið og eru þessar lýsingar meðal annars sendar í tölvupósti til fjölmiðla, og einnig er þær að finna á bloggsíðum. Rógnum er þó ekki einungis beint gegn honum. Ungir hægrimenn hafa tölvuspil á heimasíðu sinni þar sem hægt er að slá skólamálaráðherrann Ibrahim Baylan, sem er jafnaðarmaður, á puttana með reglustiku og svo er jóladagatal með andlitum úr verkalýðshreyfingunni sem kaupa titrara.

„Það má deila um það hversu smekklegt eða ósmekklegt þetta er," segir Reinfeldt í samtali við vefútgáfu Dagens Nyheter. „En það er stór munur á þessu. Það er ljóst hver stendur þarna að baki. Jafnaðarmaðurinn Mats Lindström hefur hins vegar rægt mig nafnlaust og haldið því fram að um staðreyndir sé að ræða. Það var lygi. Það sem ungir hægrimenn gera er hæðni," segir hann. **- ghs**



**FREDRIK REINFELDT** Leiðtogi sænska Hægriflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkiserfðir í Japan:

## Fylgi dalar við lagabreytingu

**JAPAN, AP** Fylgi við að lögum um ríkiserfðir í Japan verði breytt þannig að kona geti erft krúnuna hefur dalað nokkuð frá því það fréttist að Kiko prinsessa, eiginkona yngri sonar keisarans, væri barnshafandi. Sú frétt kveikti von um að sveinbarn kynni að fæðast í keisarafjölskyldunni, en það hefur ekki gerst í 40 ár.

Að sögn Kyoto-fréttastofunnar eru nærri 70 prósent aðspurðra í nýju könnuninni fylgjandi því að kona geti erft keisaratignina, en það er um 5,5 prósentum minna en í könnun sem gerð var í desember. 17,2 prósent segjast nú andvíg lagabreytingunni, 5,4 prósentum fleiri en í desember. ■



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra opnaði sendiráð Íslendinga í höfuðborg Indlands, Nýju-Delhi.

Sendiráð Íslands í Indlandi:

## Opnað við hátíðlega athöfn

**UTANRÍKISMÁL** Nýtt sendiráð Íslands í Indlandi var opnað um helgina. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, staðgengill utanríkisráðherra, opnaði sendiráðið við formlega athöfn í húsakynnum þess í höfuðborginni Nýju Delhi.

Sendiherra Íslands í Indlandi er Sturla Sigurjónsson, fyrrverandi skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Þorgerður Katrín er í opinberri heimsókn í Indlandi og stendur heimsóknin til 3. mars. Ráðherra mun eiga fundi með indverskum ráðamönnum, meðal annars forseta og forsætisráðherra. Með í för er viðskiptasendinefnd skipuð fulltrúum 23 íslenskra fyrirtækja. **-sha**

### SPÁNN

**Eftirlýstur leigumorðingi gómaður** Spænska lögreglan handtók í Madríd í gær serbneskan mann sem grunaður er um að vera leigumorðingi sem fenginn var til að myrða kosovo-albanskan mannréttindafrömuð sem talinn er hafa búið yfir gögnum sem tengdu Slobodan Milosevic, fyrrverandi Júgóslavíuforseta, við fjölda morða.

# Byggðastofnun tapaði milljarði á fimm árum

**Stofnunin stendur á bremsunni og hefur ekki keypt ný hlutabréf í meira en eitt ár. Eiginfjárhlutfall hennar er rétt yfir lágmarkskröfum Fjármálaeftirlitsins. Útlán hafa tekið að aukast að nýju eftir nokkurt hlé og lánsbeiðnum fer fjölgandi.**

**BYGGÐAMÁL** Eigið fé Byggðastofnunar hefur brunnið upp um einn milljarð króna á síðustu fimm árum vegna mikils taprekstrs. Þótt tap á síðasta ári hafi minnkað nokkuð frá fyrra ári er það enn mikið og var yfir 270 milljónir króna.

„Það verður ekki hjá því komist að taka á því hvernig stofnunin stendur og taka til í okkar fjárhag. Við erum að glíma við mjög erfiða fortíð og langan skuldahala," segir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar. „Við erum komnir yfir það versta en þetta er engu að síður brothætt og erfið staða."

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni en á stjórnarfundi í janúar fyrir ári síðan var tekin sú ákvörðun að Byggðastofnun myndi hvorki kaupa ný hlutabréf né veita styrki til byggðarmála og stendur hún enn á bremsunni hvað það varðar að sögn Aðalsteins.

**AFKOMA BYGGÐASTOFNUNAR 2001-2005 (í milljónum króna)**

| | Hagnaður/Tap | Eigið fé í árslok |
|---|---|---|
| **2001** | 313 | 2.173 |
| **2002** | -481 | 1.692 |
| **2003** | 7 | 1.699 |
| **2004** | -385 | 1.314 |
| **2005** | -272 | 1.042 |
| **Alls** | -818 | |

Rekstrarumhverfi stofnunarinnar versnaði til muna á síðasta ári en þá glímdi hún við miklar uppgreiðslur lána og lækkun vaxtatekna sem drógust saman um helming. Samdráttur tekna hefur verið blóðtaka fyrir Byggðastofnun þar sem þær stóðu undir rekstri hennar að miklu leyti. Lánsbeiðnum hefur að vísu fjölgað mikið á nýjan leik, enda hafa útlánsvextir banka og sparisjóða hækkað en stofnunin hefur ekki breytt sínum vaxtakjörum og býður sjö prósenta vexti á verðtryggð lán frá sex til 20 ára.

Einnig fær stofnunin árlegt framlag frá ríkissjóði sem nam 320 milljónum króna í fyrra.

Mikill taprekstur hefur skert eiginfjárstöðu Byggðastofnunar en eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 8,2 prósentum í árslok. Á síðasta ári fór hlutfallið niður fyrir átta prósenta lágmark um tíma.

Aðalsteinn segir að innan iðnaðarráðuneytisins sé unnið að því að fara yfir stöðu stofnunarinnar og atvinnuþróunar almennt og býst hann við að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir í frumvarpi á vorþingi.

Framlög í afskriftarsjóð og niðurfærsla hlutabréfa nam tæpri 341 milljón króna árið 2005 og fer lækkandi. Aðalsteinn segir að afskriftarreikningur stofnunarinnar sé um tíu prósent af útlánum hennar. „Reynslan hefur sýnt það að við höfum áætlað alveg rétt framlög í afskriftarsjóð og endanlegar afskriftir."

**eggert@frettabladid.is**




**ERFIÐ STAÐA BYGGÐASTOFNUNAR** Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri segir stofnunina glíma við erfiða fortíð og langan skuldahala. Eiginfjárhlutfall hennar er rétt yfir lágmarkskröfum um eiginfjárhlutfall Fjármálafyrirtækja.

Frumvarp um lagabreytingar:

## Lífkenni verði sett í vegabréf

**ALÞINGI** Nauðsynlegar breytingar vegna alþjóðlegra krafna um rafræn lífkenni í vegabréf eru lagðar til í frumvarpi um breytingu á lögum um vegabréf sem hefur verið kynnt fyrir ríkisstjórninni.

Í frumvarpinu felst meðal annars að stafræn mynd af umsækjanda verður varðveitt í vegabréfinu og dómsmálaráðherra getur ákveðið að fingraför umsækjanda skuli skönnuð og varðveitt í vegabréfinu. **- sdg**



**BEÐIÐ FRÉTTA** Afganskur hermaður stendur vörð á meðan konur bíða frétta af ættingjum sínum í fangelsi í Kabúl í Afganistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fangauppþotin í Afganistan:

## Fá mat og vatn

**AFGANISTAN, AP** Yfirvöld í Afganistan létu færa föngum í rammgirtasta öryggisfangelsinu í Kabúl mat og vatn og tengdu rafmagn aftur í gær eftir að fangarnir samþykktu að hætta tímabundið uppþotum.

Fangarnir gerðu uppreisn á laugardagskvöld og náðu byggingum fangelsisins að mestu leyti á sitt vald. Hundruð afganskra hermanna umkringdu fangelsið, vopnaðir skriðdrekum og sprengjuvörpum. Konur og börn eru meðal þeirra 2.000 fanga sem dúsa í fangelsinu, en yfirvöld kenna föngum sem tengjast al-Kaída um uppreisnina. **- smk**


LEGACY

ALLIR VEGIR FÆRIR

20 ÁRA FARSÆLD Á ÍSLANDI SUBARU

– Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
– Tölvustýrð loftkæling
– Sítengt aldrif (AWD)
– Kastarar í stuðara
– 17" álfelgur
– Hraðastillir

| Tegund | | Verð |
|---|---|---|
| LEGACY Sedan | beinsk. | 2.210.000,- |
| LEGACY Sedan | sjálfsk. | 2.440.000,- |
| LEGACY Wagon | beinsk. | 2.390.000,- |
| LEGACY Wagon | sjálfsk. | 2.590.000,- |

www.subaru.is



SYMMETRICAL AWD

SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Söluga er aukabúnaður á mynd.

# RISA ÚTSALA!

## 100.000 KRÓNA ÚTTEKT Í SMÁRALIND FYLGIR HVERJUM TILBOÐSBÍL!




**SJÓNVARP? ÖRBYLGJUOFN? FISKABÚR? UPPÞVOTTAVÉL? MAT? HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA VIÐ ÞINN 100 ÞÚSUND KALL?**

100% FJÁRMÖGNUN!
ALLT AÐ 600.000 KR. LÆKKUN!
MIKIÐ ÚRVAL TILBOÐSBÍLA

NOKKUR DÆMI UM NOTAÐA TILBOÐSBÍLA:

| KIA SORENTO | OPEL ZAFIRA COMFORT | CITROEN XSARA P. |
|---|---|---|
| Árgerð 2005 - Ekinn 7. þús. Sjálfskiptur – 3.480.000 kr. | Árgerð 2000 - Ekinn 150. þús. Beinskiptur – 1.090.000 kr. | Árgerð 2003 - Ekinn 34. þús. Beinskiptur – 1.390.000 kr. |
| **Tilboð: 2.990.000,-** | **Tilboð: 870.000,-** | **Tilboð: 1.240.000,-** |

Rafrænt inneignarkort




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR** OPIÐ: Virka daga kl. 9:00 -18:00, laugardag kl. 10:00 -16:00 og sunnudag kl.12:00 -16:00

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




**ÚTHRÓPA BUSH** Sjía-múslímar í Kasmír hrópa vígorð gegn Bandaríkjunum í mótmælagöngu í Srinagar í gær, sem efnt var til í tilefni af sprengjutilræði í Gullnu moskunni í Samarra í Írak. Á skiltinu stendur „Múslímamorðinginn G.W. Bush“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil umferð flutningabíla veldur ugg á Grundarfirði:

# Hraðakstur gegnum bæinn

**UMFERÐ** „Þeir þjóta hér gegnum bæinn jafnvel á 70 kílómetra hraða. Á sama tíma er lögreglan að mæla einhverja ökumenn úti á þjóðvegunum meðan öryggi bæjarbúa situr á hakanum,“ segir Smári Örn Árnason íbúi á Grundargötu, en hún liggur þvert gegnum bæinn á Grundarfirði.

Hann segir að frá því að skipaflutningar lögðust niður og brú var reist yfir Kolgrafarfjörð hafi umferð flutningabíla aukist gríðarlega. „Ég þori ekki lengur að hafa börnin mín úti að leika við götuna líkt og tíðkast hefur. Á dögunum var ekið yfir köttinn minn en það er minna miðað við að ekki er langt síðan hér varð umferðarslys,“ segir hann.

Talsverð útgerð er frá Ólafsvík og fylgja henni miklir flutningar til og frá bænum að sögn Smára Arnar en einnig eiga Landflutningabílar oftsinnis leið um Grundarfjörð.

„Það eru hraðahindranir í miðjum bænum en þangað til komið er að þeim er þessum bílum ekið á alltof miklum hraða. Ég hef kvartað undan nokkrum ökuþórum til lögreglu en hún gerir ekkert í málinu. Við íbúar við Grundargötu höfum rætt málin og stendur okkur öllum stuggur af þessu,“ segir Smári Örn. **- jse**



**SMÁRI ÖRN ÁRNASON MEÐ BÖRN SÍN** Smári Örn með fjölskylduna við Grundargötu. Nikulás er við hlið föður síns og svo er Jóhanna með Súsönnu systur sína í fanginu en fremstur er heimilishundurinn Pollí.

Vinnuhópur um Sundabraut:

## Dagur tekur við formennsku

**REYKJAVÍK** Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi hefur ákveðið að taka ekki að sér formennsku í samstarfshópi um legu Sundabrautar þar sem aðstæður hennar hafa breyst og hún mun ekki sitja nema út þetta tímabil. Samþykkt hefur verið í framkvæmdaráði að Dagur B. Eggertsson taki við formennsku.

„Það er ómögulegt að vita hversu langt þetta samráðsferli verður og ég tel eðlilegast að setja þetta í hendurnar á öðrum. Ég sit áfram sem fulltrúi framkvæmdaráðs en mér fannst óeðlilegt ef upp kæmi sú staða að ég myndi hætta og einhver annar þyrfti að setja sig inn í þennan feril,“ segir hún. **- ghs**

Tillögur uppstillingarnefndar:

## Jens hættir sem formaður SFR

**KJARAMÁL** Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri SFR stéttarfélags í almannaþjónustu, verður næsti formaður félagsins samkvæmt tillögum uppstillingarnefndar sem voru samþykktar á trúnaðarmannaráðsfundi í seinustu viku.



**JENS ANDRÉSSON**

Ný stjórn verður kjörin á aðalfundi SFR 25. mars og berist ekki aðrar tillögur 25 dögum fyrir fundinn eru tillögurnar sem trúnaðarráðið samþykkti sjálfkjörnar. Jens Andrésson sem hefur verið formaður undanfarin ár lætur af embætti á aðalfundinum. **- sdg**

**DANMÖRK**

**Endast styst í starfi** Danir eru duglegastir meðal Evrópuþjóða í því að skipta um atvinnu, samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Frá þessu er greint á fréttavef danska ríkisútvarpsins. Þar segir einnig að hver Dani hafi að meðaltali verið í sex störfum. Næst koma Bretar, Svíar og Finnar, en á hinum endanum eru Austurríki og nýju Evrópusambandslöndin.

# Mannréttindi þegar brotin

**Tyge Trier, sérfræðingur um mannréttindalöggjöf, telur efni til þess að vísa Baugsmálinu til Mannréttindadómstóls Evrópu, komist Hæstiréttur að því að heimilt sé að höfða málið á ný á grundvelli ákæruliðanna 32. sem vísað var frá dómi. Settur saksóknari tekur ákvörðun um slíkt snemma í næsta mánuði.**

**BAUGSMÁL** Tyge Trier, danskur sérfræðingur í mannréttindalöggjöf, telur að sakborningar í Baugsmálinu ættu að íhuga að skjóta máli sínu til Mannréttindadómstólsins í Strassborg komist Hæstiréttur að því að heimila megi endurupptöku málsins á grundvelli ákæruliðanna 32 sem vísað var frá dómi 10. október síðastliðinn.

Trier gerði grein fyrir niðurstöðum sínum á fundi með blaðamönnum í gær, en hann hefur unnið nærri þrjátíu blaðsíðna greinargerð um málið fyrir Baug Group.

Í greinargerðinni segir að vegna þess hve annmarkarnir séu margvíslegir í Baugsmálinu í heild sé það mat höfunda hennar að þegar á þessu stigi hafi verið brotið gegn sjöttu grein mannréttindasáttmála Evrópu. „Ef ríkissaksóknara væri heimilað að leggja fram nýja ákæru varðandi ákæruliðina 32 myndi það enn fremur að okkar mati gefa tilefni til þess að ætla að brotið hafi verið gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar vegna annmarkanna og geðþóttans sem einkennt hafa endurskoðun ákærunnar.“

Síðan segir að á grundvelli tiltækra gagna virðast því vera traustar forsendur fyrir kröfu um niðurfellingu málssóknar gegn sakborningum á grundvelli ákæruliðanna 32 sem vísað var frá dómi. Um þetta vísar Trier aftur til sjöttu greinar mannréttindasáttmálans og telur að til þess að telja megi að brotið hafi verið gegn honum verði að leggja heildarmat málsatvika til grundvallar.

Tyge Trier furðaði sig á niðurstöðu norska saksóknarans Mortens Eriksen í Morgunblaðsgrein síðastliðinn laugardag, en Eriksen gagnrýndi meðal annars hversu strangar kröfur Hæstiréttur gerði um verknaðarlýsingu meintra brota.

Tyge Trier vísaði í þessu efni enn á ný til sjöttu greinar mannréttindasáttmálans um að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi eigi að fá án tafar vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sæti.

Trier gerði athugasemdir við það sem hann kallaði eyðu í íslenskri löggjöf,en hvergi væri kveðið á um frest ákæruvaldsins til endurskoðunar og ákvörðunar um að kæra aftur á grundvelli eldri gagna. Vísast myndi Mannréttindadómstóllinn telja það mannréttindabrot hefði ákæruvaldið í raun geðþóttavald um þann frest sem það tekur sér í þeim efnum.

**johannh@frettabladid.is**



**GESTUR JÓNSSON, HREINN LOFTSSON OG EINAR Þ. SVERRISSON** Verjendur í Baugsmáli og stjórnarformaður Baugs hlýða á mál Tyge Trier, en hann tók að sér að skoða Baugsmálið þegar í október síðastliðnum.



**TYGE TRIER SÉRFRÆÐINGUR UM MANNRÉTTINDALÖGGJÖF** Trier kynnti nærri 30 blaðsíðna álitsgerð sína á Hótel Nordica í gær. Í henni er rakinn fjöldi dóma sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**AUÐAR GÖTUR** Vegna útgöngubannsins voru stríðsvagnar einu ökutækin sem sáust á götum Bagdad um helgina. AFP/NORDICPHOTOS

Ekkert lát á blóðbaðinu í Írak:

# Útgöngubann hefur skilað litlum árangri

**ÍRAK** Þriggja daga samfelldu útgöngubanni var aflétt í Bagdad í gærmorgun. Hræðsla er þó enn ofarlega í huga fólks og margir óttast að kyrrðin í morgun sé bara lognið á undan storminum. Á sunnudag fundust lík 36 manna til viðbótar þeim 165 sem látið hafa lífið í átökum í landinu síðan hryðjuverkamenn sprengdu einn mesta helgidóm sjía-múslima, Gullnu moskuna í Samarra, síðastliðinn miðvikudag.

Sprengjum var varpað í hverfi sjía í gærmorgun. Fjórir létust og sextán særðust. Fjórtán sérsveitarmenn íraska hersins féllu í skotbardaga við herskáa sjía-múslíma í suðurhluta Bagdad á sunnudag. Bílsprengja drap átta í borginni Karbala og átök víðar um landið drógu enn fleiri til dauða.

Óttast margir að átök síðustu daga séu undanfari almennrar borgarastyrjaldar og reyna stjórnvöld nú allt til að viðhalda stjórn í landinu. Útgöngubannið var liður í þeirri viðleitni. Vonast er til að viðræður um myndun þjóðstjórnar haldi áfram nú í vikunni. ■




Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bilavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**AFRÍSKIR TÓNAR** Cheik Sisokko úr hljómsveitinni Taffetas leikur á kora, fornt afrískt strengjahljóðfæri, á tónlistarhátíð í Sansibar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisráð hefur fjallað um staðarval rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar:

# Líklegt að kirkja rísi á Landakotstúni

**TRÚMÁL** Kaþólski söfnuðurinn á Íslandi hefur úrslitavald um það hvort rússneska rétttrúnaðarkirkjan fær að byggja kirkju, safnaðarheimili og skóla á Landakotstúninu. Landakotstúnið er hluti af lóð kaþólsku kirkjunnar og samkvæmt samkomulagi þeirra við Reykjavíkurborg frá árinu 1978 er bletturinn ekki ætlaður til ráðstöfunar til þriðja aðila, nema söfnuðurinn ákveði það sjálfur.

Umhverfisráð Reykjavíkur fjallaði um mögulegt staðarval undir bygginguna á fundi nýlega. Í umsögn ráðsins segir að staðsetning við Hávallagötu muni líklega henta best, því þar hefur hún minnst áhrif á ásýnd Landakotskirkju. Síðra er talið að byggja þar sem nú eru bílastæðin við Túngötu. Íbúar á svæðinu segja að um skemmdarverk yrði að ræða og eyðileggingu götumyndarinnar.

Yfirmaður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, faðir Timofej, segir að kirkjan verði í hefðbundnum stíl og hönnun og framkvæmdir hefjist að vonum strax á sumri komanda.

Byggingin verður 600 fermetrar að stærð og 21 metri á hæð. Af þeim stöðum sem nefndir hafa verið kýs hann helst að byggt verði á Landakotstúninu því stutt er þaðan í rússneska sendiráðið og sambandið við kaþólska söfnuðinn gott. **-shá**




**LANDAKOTSTÚN** Rauðu krossarnir sýna þá staði sem koma til greina undir kirkjubygginguna.



**RÉTTTRÚNAÐARKIRKJA** Kirkjan á Landakotstúni gæti orðið svipuð og kirkjan á myndinni.

Allt til ferðalaga
Fellihýsi



www.evro.is
ELLINGSEN EVRÓ
Grandagarði 2, sími 580 8500

Gagnrýni Anders Fogh Rasmussen misvel tekið:

# Segir ekki staðið vörð um málfrelsið

**MÚHAMEÐSTEIKNINGAR** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, gagnrýndi fjölmiðla, rithöfunda og fyrirtæki í landinu fyrir að standa ekki vörð um málfrelsið í umræðunni um Múhameðsteikningarnar.

Stjórnarandstaðan segir Anders Fogh drepa málinu á dreif með ummælunum, allir séu sammála um að fullt málfrelsi eigi að vera.

Aðrir taka undir gagnrýnina, þar á meðal formaður Danska þjóðarflokksins, Pia Kjærsgaard. Hún segir það áhyggjuefni að vissir aðilar hafi notað málið til að grafa undan stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum útlendinga í stað þess að berjast fyrir málfrelsi í landinu. **- ks**



**KAUPMANNAHAFNARBÚI LES JÓTLANDSPÓSTINN** Umræðan um skopteikningar blaðsins er enn í fullum gangi í Danmörku.




**GLEYMUM ÞEIM EI** Fólk sem lifði af þjóðernishreinsanir í Bosníu safnaðist saman í Haag í Hollandi í gær. Fólkið hélt á spjöldum sem á voru rituð nöfn hinna 8.000 sem týndu lífi í fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Ríki á sakamannabekk

**Alþjóðadómstóllinn hefur til meðhöndlunar mál Bosníu gegn Serbíu-Svartfjallalandi, en Bosníustjórn hefur kært landið fyrir þjóðarmorð.**

**HAAG, AP** Óvenjuleg réttarhöld hófust fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag í Hollandi í gær þegar mál Bosníu gegn Serbíu-Svartfjallalandi vegna stríðsglæpa og þjóðarmorðs var tekið fyrir. Þetta er í fyrsta sinn sem ríki er ákært fyrir það sem er alvarlegasti glæpurinn samkvæmt þjóðarétti, þjóðarmorð. Serbía-Svartfjallaland er þjóðréttarlegur arftaki gömlu Júgóslavíu.

Einstakir Bosníu-Serbar hafa áður verið ákærðir fyrir stríðsglæpi, en dómarar í þessu máli verða að ákvarða hvort ríkisstjórn Serbíu hafi borið ábyrgð á athöfnum einstakra Bosníu-Serba og Serba í styrjöldinni sem átti sér stað í Júgóslavíu snemma á tíunda áratugnum. Stjórnvöld í Belgrad neita að hafa viljandi reynt að útrýma múslimum í Austur-Bosníu og telja að engar sannanir séu fyrir því að ríkið, fremur en hópur einstaklinga, hafi vísvitandi staðið fyrir þjóðarmorðunum.

Dæmi dómstóllinn Bosníu í hag, gæti Serbía þurft að greiða tugi milljarða í bætur, og mannorð Serbíu gæti fengið á sig mikið breyttan blæ, að sögn fréttaskýrenda.

„Málinu er ekki beint að einstaklingum frá Serbíu og Svartfjallalandi," sagði bosníski lögmaðurinn Sakib Softic við upphaf málsins í gær. „Það fjallar um ábyrgð ríkisins og reynir að sýna fram á ábyrgð ríkis sem, í gegnum leiðtoga sína og málgögn, framdi hina verstu ofbeldisglæpi."

Lögmenn Bosníu hafa tíu daga til að flytja mál sitt og munu svo lögmenn hinna ákærðu hafa jafn langan tíma. Eftir það hefjast vitnaleiðslur og áætlað er að málflutningur standi til 9. maí. Þó er ekki gert ráð fyrir niðurstöðum fyrr en síðar á þessu ári, eða jafnvel eftir ár. Ákvörðun dómstólsins er bindandi.

Þrettán ár eru síðan Bosnía kærði málið, en málið hefur dregist meðal annars því Serbar hafa efast um lögsögu Alþjóðadómstólsins í þessu máli, sem er eitt hið flóknasta sem komið hefur fyrir dómstólinn. **smk@frettabladid.is**

Launamunur kynjanna í Bretlandi:

# Meiri en á Íslandi

**LONDON, AP** Breskar konur fá að meðaltali um 17 prósentum lægri laun en karlar, samkvæmt nýrri rannsókn sem ríkisstjórn Bretlands lét gera á dögunum. Þó eru 30 ár síðan lög sem banna kynjamisrétti voru sett þar í landi. Höfundar skýrslunnar stungu upp á 40 atriðum sem gætu hjálpað til við að loka bilinu, en lögðu þó ekki til að fyrirtæki yrðu skikkuð til að kanna laun starfsmanna sinna og jafna út kynbundinn mismun ef einhver væri.

Til samanburðar má geta að nýleg könnun VR sýndi að íslenskir karlar fá 14 prósentum hærri laun en konur þegar búið er að taka tillit til vinnutíma, aldurs, starfsaldurs, stéttar og menntunar. **- smk**

Norrænn húsnæðismarkaður:

# Dýrast í Kaupmannahöfn

**DANMÖRK** Húsnæðisverð í Kaupmannahöfn er orðið hið langhæsta á Norðurlöndum og er meðalverð á fermetra komið upp í um það bil 300 þúsund íslenskar krónur. Það er því orðið hærra en í Stokkhólmi sem lengi hefur státað af titlinum dýrasta borg í Skandinavíu.

Til skamms tíma var Ósló í öðru sæti. Dæmi eru um að fermetraverðið fari yfir 300 þúsund krónur í Reykjavík en meðaltalið er talsvert lægra. Að mati spákaupmanna mun verðið áfram haldast hátt í Kaupmannahöfn því miklir vaxtamöguleikar séu nú á Eyrarsundssvæðinu. ■

Nýtt farartæki er að ryðja sér til rúms hér á landi:

# Ferðast um allt á feykildum

**FERÐAMENNSKA** „Við sjáum fyrir okkur að menn þeytist um á þessum tækjum á sléttum flötum hvort sem það er sandur, malbik, möl, gras eða ís," segir Jón Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Highlanders um ný farartæki sem eru að ryðja sér til rúms hér á landi.

Þetta tæki sem kallað hefur verið bæði blókart og feykildi er vindknúin hjólrennireið með myndugu segli en einnig stýri. „Þetta er fundið upp á Nýja-Sjálandi og hefur verið notað mikið í nágrannalöndum okkar. Nú erum við farnir að bjóða hópum í ferðir á þessum tækjum og það er allt útlit fyrir að þetta verði næsta sprengja enda eru þessir vinnuhópar sem sækjast eftir stuttum ævintýraferðum flestir búnir að prófa allt sem í boði er." Jón Ólafur segist hafa komið feykildi sínu í um 80 kílómetra hraða á kvartmílubraut en þó sé það mun hægfarara þar sem jarðvegurinn er mýkri.

„Við erum því farnir að fagna íslenska rokinu og látum allt tal um hækkun bensínverðs sem vind um eyru þjóta þar sem þetta er algjörlega vistvænt tæki," segir hálendingurinn.

Hann segir svona ferð kosta 5.900 krónur á manninn og er þá ekið í klukkustund á hentugum stað en það ræðst töluvert af veðri og vindum hvar hann er hverju sinni. **- jse**



**FERÐAMAÐUR Á FEYKILDI** Hægt er að ferðast víða um sléttlendi á feykildi.



**DANSAÐ Í RÍÓ** Sambadrottningin Luciana Gimenez tekur sporið í sambaskóla í Ríó de Janeiro í Brasilíu í gær. Kjötkveðjuhátíðin stendur þar nú sem hæst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LÓÐAÚTDRÁTTUR** Dregið var úr lóðaumsóknum hjá sýslumanni.

Húslóðir í Lambaseli:

# Helmingur lóðanna seldur

**LÓÐAMÁL** Dagur B. Eggertsson, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir borgarstjórn hafa fengið af því spurnir að meira en helmingur lóðanna í Lambaseli hafi verið seldur. Dregið var úr umsóknum um lóðirnar.

„Við töldum ráðlegt að fara út í að draga úr umsóknum um lóðir í Úlfarsfelli þar sem okkur bárust þær upplýsingar að helmingur þeirra sem fengu lóð í Lambaseli hafi þegar selt lóðina sína."

Umsækjendur um lóð í Úlfarsfelli geta ekki fengið meira en eina lóð þar en ákveðið var að breyta útboðsreglum eftir að í ljós kom að einn og sami maðurinn, Benedikt Jósepsson, átti hæsta boð í 39 af 40 einbýlishúsalóðum. **- mh**

Skotárás á Norðurbrú:

# Lögregla leitar byssumanns

**KAUPMANNAHÖFN** Tólf til fjórtán byssukúlum var skotið að næturklúbbi á Norðurbrú í Kaupmannahöfn á laugardagsnótt. Vegfarandi sem átti leið um fékk minniháttar skotsár á læri og tvö skot hittu leigubíl sem keyrði framhjá.

Byssumaðurinn er ófundinn en hann var í hópi ungra manna sem vísað var frá staðnum stuttu áður en skothríðin hófst.

Samkvæmt frétt Berlingske tidende í gær voru sjötíu gestir á staðnum þegar atvikið átti sér stað. Sluppu þeir allir ómeiddir. **- ks**

## NOREGUR

**Peningar í fuglaflensu** Norskir laxeldismenn sjá mikil sóknarfæri á Evrópumarkaðnum vegna fuglaflensunnar og telja að hún verði til þess að fólk snæði meiri fisk. Intra Fish greinir frá því að kjúklinganeysla hafi dregist saman um 70 prósent á Ítalíu vegna ótta fólks við flensusmit úr alifuglum, en fiskneysla fólks aukist þess í stað.

## STJÓRNSÝSLA

**Nýr skrifstofustjóri orkumála** Guðjón Axel Guðjónsson lögfræðingur hefur verið settur skrifstofustjóri á skrifstofu orkumála í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu frá 1. mars næstkomandi. Helgi Bjarnason sem gegndi starfinu frá árinu 2000 mun hverfa til starfa hjá Landsvirkjun.

## SJÓSÓKN

**Margir á sjó** Alls voru fjögurhundruð bátar og skip á sjó í hádeginu í gær. Vaktmaður hjá tilkynningaskyldunni segir þetta með bestu sjósóknardögum ársins en þó hafi síðasti föstudagur verið betri þegar 446 voru á sjó.

www.toyota.is




**Meiri Corolla** – sama verð

Nú færðu í takmarkaðan tíma meiri Corolla fyrir sama verð.
**Veglegur aukahlutapakki** gerir aksturinn enn ánægjulegri: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður fylgja öllum Corolla bifreiðum.

Corolla er einn vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**

**150 þúsund króna aukahlutapakki fylgir öllum Corolla bifreiðum: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður.**

**Verð frá 1.685.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

„ORÐRÉTT“

*Hreggvið í borgarstjórn*

**„Ég mundi bjóða Reykvíkingum 3.000 lóðir fyrir einbýli í fyrstu lotu á eðlilegu verði og algjörlega án möguleika á að hægt væri að braska með þær.“**

HREGGVIÐUR JÓNSSON, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR, Í GREIN UM BORGARMÁL Í MORGUNBLAÐINU.

*Var ekki búið að segja þessa frétt?*

**„Málið nú síðast gerir ekkert annað en að styrkja okkur í þeirri trú að hér á landi séu starfandi erlendir glæpahringir.“**

JÓHANN R. BENEDIKTSSON, SÝSLUMAÐUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI, Í DV.

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

# Horfi á menntaskólann úr brekkunni



„Ég er að flytja þessa dagana í nýtt hús sem við hjónin vorum að festa kaup á hér vestur á Ísafirði,“ segir Ólína Þorvarðardóttir. Þau hjúin hafa heldur betur sett mark sitt á þjóðfélagsumræðuna síðustu daga en hún var að segja upp sem skólameistari Menntaskólans á Ísafirði en mikill styr hefur staðið um starfsemina þar. Á sama tíma sigraði eiginmaður hennar, Sigurður Pétursson, í prófkjöri Í-listans á Ísafirði. „Nú erum við að hefja nýtt líf við nýjar aðstæður og munum horfa á menntaskólann ofan úr brekkunni um óráðna framtíð.“ Aðspurð hvað hún muni taka sér fyrir hendur þegar hún lýkur störfum segir hún: „Það er of snemmt að segja til um það að svo stöddu en þó er ýmislegt sem kemur til greina. Ég myndi til dæmis gjarnan vilja sinna þjóðfræðinni aðeins betur því hún er náttúrlega það sem heillar hvað mest. En svo verð ég líka að vinna fyrir salti í grautinn og þá er það bara spurning hvernig mér gengur að sameina þetta tvennt.“ En þótt hún hafi verið að kaupa hús á Ísafirði reiknar hún jafnvel með því að vera meira á ferðinni í höfuðborginni en hún hefur gert að undanförnu. „En hér á Ísafirði er yndislegt að búa í fallegu umhverfi og innan um gott fólk. Allavega skynja ég ekki annað en velvilja fólks hér.“

En með hvaða hugarfari mun hún líta til þessara stormasömu tíma í menntaskólanum. „Þetta hefur verið lærdómsríkasti tími lífs míns og ég er þakklát fyrir það.“

## HVAÐ SEGIR ANNA Á HESTEYRI?

GILDISMAT SAMFÉLAGSINS



### *Tilfinningarnar lítilsvirtar*

„Hvert er gildismat okkar? Er það það sem mest er upp úr að hafa í krónum og nautnum eða er það hið andlega?“ spyr Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. Það eru nýlegar fréttir sem vekja hana til umhugsunar um þessi mál. „Ráðist var á konu á almannafæri og henni misþyrmt hrottalega. Læknar mátu örorku hennar tíu prósent. Henni voru dæmdar 120 þúsund krónur og glæpamaðurinn var dæmdur í tíu daga fangelsi. Á sama tíma hlaut maður tveggja mánaða fangelsi, þar af annan mánuðinn skilorðsbundinn, fyrir stuld á viskípela. Ef afbrotin og refsingarnar eru borin saman þá virðast peningarnir vera gildismatið en mannlegu tilfinningarnar eru lítilsvirtar.
Mér finnst hræðilegt að þessi blessaða stúlka sé bara einskis virði. Hvernig verður maðurinn eftir tíu daga, hann er sama villidýrið þegar hann kemur út og þegar hann fór inn. Þeir sem fremja svona glæpi þurfa að fá þunga dóma. Það varnar þeim frá því að fremja glæpina.
En hitt málið aftur á móti, á að sekta fyrir, það á að sekta þá sem stela, þeir eru ekki eins hættulegir á almannafæri. Og síst ef það er nú eitthvað svona. Þetta virðist meinlaus stuldur. Einn peli, það var þá til þess að setja hann í fangelsi fyrir.“






# Samvinna og lífsgleði í Trínidad og Tóbagó

**Knattspyrnulandslið Íslands og Trínidad og Tóbagó mætast í Lundúnum í kvöld. Leikurinn er liður í undirbúningi Trínidad og Tóbagó fyrir Heimsmeistaramótið í Þýskalandi í júní en þá leikur liðið í keppninni í fyrsta sinn.**



**FEGURÐIN EIN** Mikil náttúrufegurð er á Trínidad og Tóbagó, laufin eru sígræn og hafið blárra en víðast hvar. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og æ fleiri leggja leið sína til landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Trínidad og Tóbagó er fámennasta þjóð sem komst hefur í lokakeppni HM í knattspyrnu. Íbúar landsins eru rétt rúmlega 1.200 þúsund og eins og gefur að skilja eru þeir afar stoltir af sjálfum sér og knattspyrnulandsliðinu sínu.

Trínidad og Tóbagó er í Karíbahafi og liggur skammt undan ströndum Venesúela. Ríkið samanstendur af 23 eyjum og er Trínidad þeirra stærst en Tóbagó næststærst. Höfuðborgin heitir Port-of-Spain en Kristófer Kólumbus sigldi til eyjanna 1498 og voru þær lengi nýlendur Spánverja. Raunar ríktu flest nýlenduríkin yfir Trínidad og Tóbagó til lengri eða skemmri tíma, síðast Bretar. Íbúar öðluðust sjálfstæði 1962 og tóku upp lýðveldi 1976.

Efnahagur Trínidada er ágætur og hvað bestur meðal þjóða í Karíbahafinu. Gas er meðal útflutningsvara og ferðaþjónusta fer vaxandi.

Landsmenn eru lífsglaðir og dans og tónlist er snar þáttur í daglegu lífi þeirra. Calypso-söngvar eru upprunnir í Trínidad og Tóbagó og íbúarnir hófu fyrstir manna að leika á stáltrommur sem eru gerðar úr tunnum og eru nú notaðar í tónlist víða um heim.

Trínidadar gera tilkall til tveggja rithöfunda sem hlotið hafa Nóbelsverðlaunin í bókmenntum: Derek Alton Walcott sem fékk verðlaunin 1991 og V.S. Naipaul sem hlaut þau 2001. Naipaul fæddist í landinu en hefur lengst af alið manninn í Englandi en Walcott er frá nágrannaríkinu St. Lucia.

Trínidadar eru miklir íþróttamenn og hafa meðal annars unnið til verðlauna á ólympíuleikum. Spretthlauparinn Ato Boldon er þekktasti íþróttamaður Trínidada í dag ásamt knattspyrnumanninum Dwight Yorke. Yorke er fyrirliði knattspyrnulandsliðsins og gerði garðinn frægan með Manchester United.

Þá má geta þess að konur frá Trínidad hafa oft orðið meðal efstu keppenda í Miss World-keppninni.

Trínidadar leggja mikið upp úr samvinnu og eru kjörorð þjóðarinnar: Saman sækjum við fram á við, saman náum við árangri. ■



**ÖRYGGIS GÆTT Á KJÖRSTAÐ** Vopnaður öryggisvörður var við kjörstaði í síðustu kosningum í landinu. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁFRAM TRÍNIDAD OG TÓBAGÓ!** Þessi skrautlegi Trínidadi er meðal stuðningsmanna knattspyrnulandsliðsins og fagnaði óspart þegar liðið tryggði sér sæti í lokakeppni HM. NORDICPHOTOS/AFP

# Dyrnar
## að þínum draumum



**RS21KCSM**
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**229.990,-**

## Skápar til innbyggingar
### Rústfrítt stál og ál



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**299.990,-**



**RS21KLAL** - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**329.990,-**

### Stál, kámfríir



**RS21DASM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**189.990,-**

SAMSUNG
**kæli- og frystiskápar**

### Hvítir kæliskápar



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
**139.900,-**



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**159.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**169.900,-**



**RS21KCSV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**199.990,-**

### Einfaldir kæliskápar



**RL36EBSW** Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
**69.990.-**



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
**89.990.-**



**RL39WBSW** Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
**89.990.-**



**RL39WBMS** Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
**99.990.-**

**Umboðsmenn:**
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði og Ljósboginn Keflavík
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði og Vestmennt Patreksfirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarinns Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Suðárkróki, SR Byggingarvörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** HS Raf Eskifirði, Verslunin Vík Neskaupstað og Reyðarfirði, Beint í Mark Vopnavirði, Rafholt Egilstöðum.

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800

imago

## Svona erum við

> Fjöldi seglbáta á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ

# Kjötið kvatt fyrir páskaföstuna



Kjötkveðjuhátíðin, sem á flestum öðrum tungumálum er kölluð Karneval, er að stofni til kaþólsk hátíð, sem nær hámarki síðustu dagana fyrir öskudag, en þann dag, 40 dögum fyrir páskadag, hefst páskafastan. Mismunandi er hvenær hátíðin hefst, en í Mið-Evrópu og víðar er hefðin sú að karnevalstíðin hefjist á Þrettándanum, 6. janúar. Eiginleg kjörkveðjuhátíðahöld, með skrúðgöngum og látum, fara þó sjaldnast fram fyrr en síðustu vikuna fyrir öskudag.

**Hver er uppruni kjötkveðjuhátíðarsiðarins?**
Uppruni karnevalsthátíðahalda er rekinn til forkristilegra, heiðinna siða. Á síðari dögum Rómaveldis var um þetta leyti árs til svonefnd Saturnalia-hátíð (og Lupercalia), þar sem menn slepptu fram af sér beislinu í tilefni vorkomu. Karnevalshefðin í Sviss og Suður-Þýskalandi er rakin til heiðinna vorhátíða, þar sem myrkur og kuldi og illir andar voru reknir á brott með gauragangi og grímubúningum sem táknuðu hin ólíku öfl sem tókust á. Síðar hafi komist sú hefð á að tengja þessi hátíðahöld hinni kristilegu kjötkveðjuhátíð fyrir páskaföstuna.

**Hvar eru kjötkveðjuhátíðir helst haldnar?**
Sterk hefð er fyrir miklum kjötkveðjuhátíðahöldum víða þar sem kaþólskur siður er ríkjandi, svo sem í Rínarhéruðum Þýskalands, Rómönsku Ameríku – einkum og sér í lagi í Brasilíu – og í syðsta hluta Bandaríkjanna, þar sem hátíðin er jafnan nefnd upp á frönsku Mardi Gras („Feiti þriðjudagur“, þ.e. sprengidagur). Í Evrópu er kjötkveðjuhátíðin í Feneyjum ein sú frægasta. Á hinum lúthersku Norðurlöndum minnir fátt annað en kjötátshefð sprengidags á kjötkveðjuhátíðina. Í Álaborg í Danmörku er þó hefð fyrir því að halda skrautlega karnevalshátíð seint í maí.

## SPURT & SVARAÐ

JEPPAFERÐIR



**JÓN SNÆLAND**
Varaformaður ferðaklúbbsins 4x4

# *Jöklar aldrei öruggir*

Jeppaferðir eru vinsælar meðal landsmanna og ekki síst jöklaferðir. Þær geta verið lífshættulegar og lést ungur maður á Hofsjökli um helgina. Jón Snæland, varaformaður ferðaklúbbsins 4x4, hefur skrifað tvær bækur um fyrir jeppamenn. Önnur er Ekið um óbyggðir. Hin heitir Utan alfaraleiða.

**Eru jöklar misöruggir?**
Já, jöklarnir eru misöruggir eftir árstíðum. Sprungurnar eru yfirleitt opnar á haustin og fyrri hluta vetrar. Þeir eru yfirleitt ekki öruggir fyrr en eftir áramót. Hins vegar er Hofsjökull aldrei öruggur og ekki fyrir óvana menn. Til eru þekktar leiðir þar, en þær eru samt ekki öruggar.

**Hvernig sjá vanir menn hvort jöklarnir eru öruggir eða ekki?**
Við vitum að þegar jökullinn gengur yfir misfellu brotnar hann á henni. Þrátt fyrir að jökullinn sé sléttur á yfirborðinu getur hann verið að steypast fram að bergi. Jeppamenn geta því aldrei verið öryggir enda jöklarnir hættulegir.

**Hvaða jökull er nokkuð öruggur um þessar mundir?**
Þær leiðir sem við keyrum venjulega á Vatnajökli eru nokkuð öruggar um þessar mundir. Langjökull er einnig þokkalegur núna. Hann er nú hvað skástur íslenskra jökla.




# Nær allir starfsmenn íslenskir

**Stóriðjuumsvif hér á landi fara fyrir brjóstið á mörgum nú þegar stærsta álver landsins er að rísa og í öðrum álverum eru frekari stækkanir fyrirhugaðar. Nýleg skoðanakönnun Fréttablaðsins leiðir í ljós að Íslendingar vilja ekki frekari uppbyggingu stóriðju og háværar raddir eru um að Íslendingar muni ekki fást til að manna þau störf sem henni fylgja. En hvernig lítur þetta út í augum þeirra sem vinna við stóriðjuna?**



**AUÐUR ÞÓRHALLSDÓTTIR FRÆÐSLUSTJÓRI OG ARI JÓNASSON VERKFRÆÐINGUR Í STEYPUSKÁLA** Skiptar skoðanir eru um það hvort Íslendingar munu fást til að sinna þeim störfum sem skapast eftir að nýtt álver verður risið fyrir austan og hin gömlu hafa verið stækkuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Umræðan um álver er að miklu leyti borin uppi af mönnum sem aldrei hafa í álver komið og hún endurspeglast svolítið af því,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi.

Framleiðslugeta álvers Alcans í Straumsvík er nú um 180 þúsund tonn á ári en hugmyndir eru uppi um að auka hana upp í 460 þúsund á næstu árum. „Hjá okkur starfa um 500 manns. Starfsaldur er með því lengra sem gerist eða yfir 15 ár að meðaltali og starfsmannavelta lítil eða tæp fjögur prósent en til samanburðar var veltuhraði starfsmanna innan ASÍ árið 1999 yfir 30 prósentum. Launin eru yfir meðallagi og við þurfum ekki að leita eftir starfsfólki út fyrir landsteinana sem sést best á því að nær allir starfsmenn okkar eru íslenskir og þeir sem eru erlendir hafa búið hér til fjölda ára. Eins má oft skilja það á umræðunni að allt sé frekar frumstætt í álverum en hér er mjög há tækniþekking enda fjölmargir sérfræðingar sem hér starfa. Svo er ál ekki bara ál, til dæmis framleiðum við um 200 tegundir af áli.“

**REGLULEG MÁNAÐARLAUN** (U.Þ.B.)




Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Norðuráls, segir að af 355 starfsmönnum í álverinu á Grundartanga séu aðeins sex erlendir starfsmenn: tveir sérfræðingar og fjórir almennir starfsmenn.

### Er á móti álveri á Reyðarfirði

Reinhold Richter er vélvirki í álverinu í Straumsvík og hefur unnið þar í sex ár. Hann segir sitt starf vel launað og tækifærin til frekari menntunar með starfi auka á ánægju hans en hann er þó efins um það að Íslendingar fáist til að manna störfin í álverinu í Reyðarfirði. „Ég er alveg á móti því að vera reisa þetta þarna fyrir austan, ég hefði viljað fá þetta hingað suður,“ segir hann. „Eins hef ég mínar efasemdir um álver í Eyjafirði, til dæmis með hliðsjón af skipaflutningum sem álverin eru háð. Hvernig ætla menn að leysa það ef skipaumferð lokast vegna hafíss og álverið er í botni Eyjafjarðar?

Einnig þykir mér menn sem eru að mótmæla virkjunum ekki gera sér grein fyrir því hvað ál er mikið notað. Ég var til dæmis á tónleikunum sem haldnir voru til að mótmæla stefnu stjórnvalda í stóriðjumálum. Vita þessir menn að það er álfilma í geisladiskunum hennar Bjarkar?“



**ANNA JÓNA ÁRMANNSDÓTTIR** Anna Jóna segir að konur geti vel unnið í álverum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**REINHOLD RICHTER** Reinhold er ekki hrifinn af því að verið sé að reisa álver á landsbyggðinni og er ekki viss um að Íslendingar fáist í störfin þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Álver og konur

„Ég er búin að vera verkamaður allt mitt líf og hef unnið á ýmsum stöðum og hafði ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í þegar ég hóf störf hér fyrir ellefu árum,“ segir Anna Jóna Ármannsdóttir flokksstjóri í kerskála í álverinu í Straumsvík. „En það sem sker þennan stað frá öðrum stöðum sem ég hef unnið á er að hér fær maður alltaf útborgað á réttum tíma. Hér er svo veittur frír matur og rútuferðir en það er eitthvað sem ég hafði ekki kynnst áður. Ég var mjög lítið menntuð þegar ég kom hingað en hér hef ég haft tækifæri til að mennta mig í Stóriðjuskólanum sem hér er rekinn fyrir starfsfólk og ég er mjög þakklát fyrir það,“ segir hún.

Margar gagnrýnisraddir hafa haldið því fram að konur muni ekki vilja vinna við álver. Tölur frá Straumsvík hrekja ekki þær fullyrðingar en einungis um 15 prósent starfsmanna þar eru konur. Á Grundartanga er hlutfall kvenna tæp 20 prósent. „Við erum að vinna að því að breyta þessu en þar sem starfsmannaveltan er afar lítil tekur það nokkuð langan tíma,“ segir Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Alcan á Íslandi.

„Það er útbreiddur misskilningur að þetta séu karlastörf,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra. „Samkvæmt könnun sem gerð var á Austurlandi eru þau störf sem fylgja umsvifunum við álverið á Reyðarfirði frekar kvennastörf.“ Anna Jóna segir störf í álveri engu síður vera fyrir konur en karla. „Þetta er ekki líkamlega erfið vinna,“ bætir hún við.

### Byrjunarlaun um 250 til 260 þúsund

Hrannar Pétursson segir að meðallaun iðnaðar- og verkamanna sem greitt fá samkvæmt kjarasamningi í áliðnaði vera yfir 300.000 á mánuði. Eins og áður segir starfa um 500 manns við álverið í Straumsvík. Þar af eru 100 sérfræðingar, 120 iðnaðarmenn, 160 verkamenn með starfsmenntun og 120 ófaglærðir. Hann segir að starfsmaður á þrítugsaldri sem komi til vinnu í álverinu í kerskála geti unnið sér inn um 250 til 260 þúsund á mánuði. Hægt er svo að bæta við laun sín með því að fara á námskeið sem í boði eru og þegar starfsmaður getur leitt annan nýjan í starfið fær hann launahækkun fyrir það hlutverk.

„Ég er oft undrandi á því að þegar menn eru að vinna að tölvutækni fyrir tölvuleiki að þá er talað um hátækni en um leið og sama vinna snýr að því að auka tölvutækni við álver að þá er talað um þungaiðnað,“ segir Hrannar að lokum.



FRÉTTASKÝRING
**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
jse@frettabladid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.603 **-1,02%** **Fjöldi viðskipta:** 411 **Velta:** 2.676 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Dagsbrún | +0,91% | FL Group | -2,92% |
| Össur | +0,89% | Straumur | -1,51% |
| Bakkavör | +0,76% | Íslandsbanki | -1,42% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,60 -1,40% ... Alfesca 4,15 -0,20% ... Atorka 6,02 -1,30% ... Bakkavör 53,20 +0,80% ... Dagsbrún 6,68 +0,90% ... FL Group 26,60 -2,90% ... Flaga 3,85 -1,00% ... Íslandsbanki 20,80 -1,40% ... KB banki 956,00 -1,00% ... Kögun 66,50 -0,90% ... Landsbankinn 28,80 -0,70% ... Marel 68,30 -0,70% ... Mosaic Fashions 17,30 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,60 -1,50% ... Össur 114,00 +0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Bakkavör Group spáð 3,5 milljörðum

Bakkavör Group birtir ársuppgjör fyrir síðasta ár eftir lokun markaða á morgun. Greiningaraðilar spá að hagnaður félagsins verði 3.509 milljónir króna en þar af verði hagnaður á fjórða ársfjórðungi rúmur 1,1 milljarður.

Samanburður á milli ára er óraunhæfur þar sem matvælaframleiðandinn Geest kom inn í samstæðuna þann 1. maí á síðasta ári og stækkaði hana verulega.

**SPÁR UM AFKOMU BAKKAVARAR ÁRIÐ 2005 (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 3.485 |
| Spá KB banka | 3.648 |
| Spá Landsbankans | 3.394 |
| Meðaltalsspá | 3.509 |

Bakkavör hagnaðist um 1.682 milljónir árið 2004 .- eþa

# SS þrefaldar hagnað

Hagnaður SS var 353 milljónir króna á síðasta á ári sem er 238 prósenta meiri hagnaður en árið 2004. Töluverður hagnaður af sölu hlutabréfa féll til á síðasta ári, meðal annars vegna hlutar í Mjólkurfélagi Reykjavíkur, en samt sést ágætur vöxtur í hefðbundinni starfsemi.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 415 milljónum króna og jókst um tæp 32 prósent á milli ára. Rekstrartekjur voru um 4.867 milljónir króna og hækkuðu um 432 milljónir frá 2004.

Félagið er metið langt undir bókfærðu virði; innra virði þess var 4,1 í árslok en síðasta viðskiptagengi var 1,9. Þó ber að hafa í huga að þau bréf í SS sem ganga kaupum og sölum eru samvinnuhlutabréf sem bera arð en ekki atkvæðisrétt. - eþa



**STEINÞÓR SKÚLASON, FORSTJÓRI SS** Hagnaður SS jókst um 238 prósent frá 2004 til 2005.

# Meira í kassann hjá Carlsberg

Hagnaður danska ölrisans Carlsberg nam á síðasta ári tæplega 14,5 milljörðum íslenskra króna og er það átta prósenta hagnaðaraukning frá fyrra ári. Alls seldi fyrirtækið fyrir 399 milljarða króna á árinu.

Carlsberg hefur undanfarið hagrætt talsvert í rekstrinum og færði á dögunum meginþunga framleiðslunnar frá Kaupmannahöfn til Frederica á Jótlandi. Talsmaður Carlsberg sagði fyrirtækið einkum horfa til austurs. „Markaðir í Vestur-Evrópu virðast mettir en gríðarlegur vöxtur hefur verið í Austur-Evrópu og Asíu. Við væntum þess að sú þróun haldi áfram.“ - jsk




**KASSI AF CARLSBERG** Átta prósenta hagnaðaraukning varð hjá Carlsberg milli ára. Talsmenn fyrirtækisins horfa í auknum mæli til austurs.

# Kaupa fasteignafélög

**Í gær tilkynnti Nýsir um kaup á tveimur dönskum fasteignafélögum og Samson Partners um kaup á helmingshlut í öðru. Áður hefur Baugur Group látið til sín taka á dönskum fasteignamarkaði.**

Íslendingar bæta enn við sig á dönskum fasteignamarkaði. Í gær tilkynnti fasteignafélagið Nýsir að fest hefðu verið kaup á tveimur fasteignafélögum í Danmörku.

Þá var upplýst um kaup eignarhaldsfélagsins Samson Partners, sem að stærstum hluta er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Björgólfs Guðmundssonar og Straums-Burðaráss fjárfestingabanka, á helmingshlut í Sjælsø Gruppen á móti Brdr. Rønje Holding. Íslensku fjárfestarnir og Brdr. Rønje standa saman að eignarhaldsfélaginu SG Nord Holding.

Félögin sem dótturfélag Nýsis í Danmörku keypti reka skrifstofuhúsnæði í Kaupmannahöfn og Bröndby, en heildarstærð bygginganna er 60 þúsund fermetrar.



**NÝHÖFN** Íslendingar eru orðnir umsvifamiklir á dönskum fasteignamarkaði, en mest hafa þeir látið til sín taka í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HEIMASÍÐA SJÆLSÖ**

Félögin voru keypt að fullu en kaupverðið er sagt trúnaðarmál. Íslandsbanki aðstoðaði við kaupin og fjármagnaði þau.

Fyrir er Baugur fyrirferðarmikill á dönskum fasteignamarkaði og þá hefur Sigurjón Sighvatsson einnig látið þar til sín taka. Baugur Group reið á vaðið með kaupum á Magasin du Nord, Illum og Keops. Síðasta haust keypti Sigurjón Sighvatsson svo danska fasteignafélagið VG Investment og er talinn hafa hug á að bæta enn frekar við sig. -óká

HÚSNÆÐISFÉLAG SEM
Sléttuvegi 3 · 103 Reykjavík
Sími/Fax 588 7470




4,95% VEXTIR

SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

# skoðun

SJÓNARMIÐ
**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Annað og meira en óumdeildur ræðustúfur.

## Háskóli á heimsvísu

Prófessor Guðmundur Finnbogason sagði í Skírnisgrein 1906, að þjóðin ætti að hafa þann metnað að láta ekkert barn sitt gjalda þess, að það er hennar barn, en ekki ríkari og fjölmennari þjóðar. Réttum eitthundrað árum síðar stígur nýr arftaki á rektorsstóli Háskóla Íslands fram og segist ætla að koma Háskóla Íslands í hóp eitthundrað bestu háskóla í heimi. Það var sannarlega kominn tími til að setja gamla hugsjónabrýningu löngu gengins rektors á dagskrá.

Ræða Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, við útskrift stúdenta síðastliðinn laugardag fór eins og hressandi andblær um þjóðlífið. Hún var vissulega full af bjartsýni; einhverjir kunna að segja of mikilli eða óraunhæfri. Hitt skiptir meira máli, að ræðan lýsti ríkum og verðugum metnaði. Þjóðin hefur fá verkefni brýnni nú um stundir en að skipa sér þétt að baki því háleita markmiði, sem rektor hefur lýst sem vilja Háskólans.

Góð menntun og öflug vísindastarfsemi er forsenda allra efnalegra framfara og grundvöllur fyrir heilbrigðu og gróandi þjóðlífi. Um þetta er ekki deilt. Boðskapur eins og sá, sem rektor Háskólans hefur nú komið fram með, má hins vegar ekki daga uppi sem óumdeildur ræðustúfur. Nú þarf Háskólinn að gera grein fyrir því hvernig þessu marki verði náð. Það þarf meira en orð og meira en peninga. Hér þarf án nokkurs vafa bæði nýja hugsun og ný vinnubrögð. Það mun líka reyna á þolinmæði, því það kemur ekki allt í einu og alls ekki af sjálfu sér.

Sú leið, sem Háskólinn hefur ákveðið að fara inn á verður örugglega ekki greiðfær. Hún verður heldur ekki sársaukalaus. Það þarf að ýta á ýmsa auma bletti, hreyfa við mörgum rótgrónum hagsmunum og hrista upp í viðteknum hugsunarhætti. Allt mun það kalla á umræðu, sem síðan þarf að leiða inn á þá braut, sem markið hefur verið sett á. Ef menn ætla að skjóta sér undan óþægindunum er óvíst um árangur.

Eitt af því, sem Háskólinn þarf að velta fyrir sér er sjálft stjórnfyrirkomulag skólans. Það byggir um margt á gömlum rótgrónum hugmyndum. Svara þær kalli nýs tíma? Það gæti verið nauðsynlegt að endurskipuleggja stjórnsýsluna. Önnur nærtæk spurning lýtur að skólagjöldum. Aðrir háskólar í landinu hafa sumir hverjir heimild til ákveðinnar gjaldtöku. Getur Háskóli Íslands búið við þá samkeppnisaðstöðu?

Þó að samkeppni í íslensku háskólastarfi hljóti eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að vera við erlenda háskóla er engum vafa undirorpið, að innlend samkeppni á þessu sviði er líka holl. Háskólastarf og rannsóknir úti á landsbyggðinni er einnig afar mikilvægt fyrir samfélagsþróunina í landinu. Að þessu leyti er Háskóli Íslands ekki eyland í samfélaginu og á ekki að vera það.

En þessi sannindi breyta ekki hinu, að hér á landi eru fleiri háskólar að tiltölu en á öðrum byggðum bólum. Hvaða vit er í því? Æðsta yfirstjórn menntamála í landinu þarf að svara þeirri spurningu afdráttarlaust, þó að skynsamleg svör geti vakið upp viðbrögð og raskað hagsmunum, sem eru að ná eða hafa náð fótfestu í kerfinu.

Til þess að ná settu marki þarf vafalaust að verja meira fé til Háskólans á næstu árum. En áður en svar við þeirri einföldu spurningu er gefið þurfa bæði Háskólinn og menntamálaráðuneytið að svara ýmsum spurningum um innviði og skipulag háskólastarfs í landinu. En kjarni málsins er sá, að verðugt markmið hefur verið sett og tími er kominn til að hefjast handa um Háskóla á heimsvísu. ■


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samkeppnin

Þroski Íslendinga í samkeppnismálum vex dag frá degi, en uppeldið í þeim efnum hófst að marki með aðild Íslands að EES-samningnum fyrir meira en tíu árum. Nýverið sagði Fréttablaðið frá ábendingu um hugsanlegt brot á samkeppnislögum varðandi jafnan aðgang manna að sjávarafla. Kristni Péturssyni, fiskverkanda á Bakkafirði, sveið að íslenskum fiskverkendum væri í raun meinað að bjóða í fisk sem sendur er ferskur í gámum til Bretlands. Hann benti Samkeppniseftirlitinu á þetta jafnframt því sem hann sagði mönnum þar á bæ að rýmri reglur giltu um vigtun á gámafiskinum en á bryggjunni hjá honum. „Eiga ekki allir að vera jafnir í þessum efnum," spurði hann. Þeir útgerðarmenn sem algerlega eru háðir því að leigja kvóta til að komast á sjó eru nú orðnir fullkomlega sannfærðir um að kvótagreifarnir hafi með sér samráð um leiguverðið. Þeim þykir ekki eðlilegt lengur að kílógrammið af þorski skuli leigt á 125 krónur hvenær sem er og hvar sem er á landinu. Finnst þetta vera sem hvert annað grænmetis- eða olíuverðsamráð. Þá er bara að njósna um ferðir kvótaeigendanna. Hvar skyldu þeir hittast til að bera saman bækur sínar?

### Hvað fékkst þú borgað?



Andrés Magnússon, blaðamaður á Blaðinu, sat í gær blaðamannafund með Tyge Trier, hálærðum mannréttindalögfræðingi frá Danmörku. Sá taldi nokkuð víst að Baugsmenn myndu hafa erindi sem erfiði ef þeir færu með málið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Það er að segja ef Hæstiréttur kæmist að því að heimilt væri að taka málið upp. Lesa mátti Trier á þann veg að almennt gilti að ef vafi léki á því hvort ríkið bryti mannréttindi á þegnum sínum yrði að láta þegnana njóta vafans. Andrés spurði talsvert og staldraði mjög við það að Baugsmenn hefðu ráðið hann til verka. Andrés vildi vita um hvað hefði samist, hve mikið hann fengi fyrir sinn snúð, hvort hann væri búinn að fá eitthvað borgað og svo framvegis. Sá danski lét sér hvergi bregða. Kvaðst hafa sett skilyrðin sjálfur fyrir því að skoða málið og væri eiginlega ekki búinn að fá neitt borgað ennþá. Andrés getur svo sent Morten Eriksen, saksóknara frá Noregi, tölvupóst og spurt hann hliðstæðra spurninga um ítarlega grein Eriksens í miðopnu Morgunblaðsins á laugardag.

johannh@frettabladid.is

## Vangaveltur um prófkjör

Í DAG
PRÓFKJÖR



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

*Prófkjör eru góð til endurnýjunar, þess vegna hafa t.d. sitjandi þingmenn minni áhuga á að nota prófkjörsaðferðina en þeir sem ganga með þingmanninn í maganum.*

Forystukona vinstri grænna í borgarstjórnarkosningunum í vor sagði í útvarpsþætti um daginn eitthvað í þá áttina að hún teldi stjórnmál snúast um lífsviðhorf, meðal annars þess vegna hefði hún efasemdir um prófkjör stjórnmálaflokka sem væru öllum opin, líka þeim sem ekki væru flokksbundnir. Ég er hjartanlega sammála konunni um að stjórnmál snúist um lífsviðhorf en er samt ekki viss um að það leiði mig til sömu niðurstöðu um hvernig haga eigi vali á framboðslista stjórnmálaflokka, eða hverjir megi koma að slíkum ákvörðunum.

Það var eftirtektarvert í úrslitum í prófkjöri Samfylkingarinnar á dögunum að starf í þágu flokksins, ef svo má að orði komast, skilaði frambjóðendum ekki þeim árangri sem þeir væntanlega bjuggust við og vonuðust eftir. Fyrrverandi formaður framkvæmdastjórnar, sem í kosningabaráttunni lagði mikla áherslu á starf það sem hann hefði innt af hendi allt frá stofnun flokksins, laut í lægra haldi fyrir þeim sem hafði gengið í flokkinn aðeins nokkrum vikum fyrir prófkjörið. Borgarfulltrúi vinstri grænna sem ekki komst að í eigin flokki náði frábærum árangri, en hvorki formaður ungra jafnaðarmanna né ötull stjórnarmaður í Samfylkingarfélaginu í Reykjavík komust á blað. Hvað segir þetta? Má draga einhverjar ályktanir af þessu?

Í fyrsta lagi er ljóst að hefði prófkjörið verið lokað, þ.e. eingungis þeir sem eru flokksbundnir í Samfylkingunni hefðu fengið að kjósa, hefðu mun færri kosið en raun varð á. Í öðru lagi hefðu úrslitin orðið önnur og framboðslistinn því litið öðruvísi út en horfur eru á að hann geri og í þriðja lagi hefði sá framboðslisti væntanlega hugnast mun færri kjósendum en útlit er fyrir að þessi muni gera. Ergo: flest bendir til að með því að leyfa fjölda fólks að hafa áhrif á listann þá verði hann sigurstranglegri en ella hefði orðið. Frambjóðendurnir aðhyllast allir jafnaðarstefnuna sem vissulega er lífsviðhorf og munu væntanlega inna störf sín af hendi í anda þeirrar stefnu. Mér er því illmögulegt að sjá hvernig sú skoðun að stjórnmálavafstur endurspegli lífsviðhorf mæli frekar með eða eigi frekar að leiða til að flokkar hafi opin eða lokuð prófkjör. Væri slík stefna framkvæmd út í ystu æsar mætti jafnvel ímynda sér að flokkar æsktu almennt ekki eftir stuðningi nema innvígðra. Sem auðvitað er næstum ekki annað er útúrsnúningur að stinga upp á.

Fólk má ekki gleyma því að prófkjör eru ekki náttúrulögmál. Þau eru ekkert annað en ein leið til að stilla upp framboðslistum, eins og flestar aðrar aðferðir þá geta þau stundum verið góð til þess brúks og stundum ekki. Prófkjör eru góð til endurnýjunar, þess vegna hafa t.d. sitjandi þingmenn minni áhuga á að nota prófkjörsaðferðina en þeir sem ganga með þingmanninn í maganum. Óumdeildir foringjar þurfa ekki að óttast prófkjör en geta haft skoðun á hvort þau séu hentug eða ekki, sterkur foringi hefur auðvitað meiri áhrif á hverjir verða meðreiðarsveinar ef ekki er prófkjör, því þá hefur hann/hún meiri áhrif á hverjir veljast í þau hlutverk.

Margir hafa áhyggjur af þeim kostnaði sem er samfara þátttöku í stórum prófkjörum og segja réttilega að hann geti haft eða beinlínis hafi áhrif á hverjir steypi sér út í slíka baráttu og þar með hvort fólk gefi sig til pólitískra starfa eða ekki. Það er vissulega áhyggjuefni ef sú er raunin og væntanlega ekki í anda jafnaðarmennsku að efnahagur hindri fólk í pólitískum störfum frekar en hann hindri fólk í að afla sér menntunar eða leita sér lækninga. Ég hef heyrt hugmyndir um að nauðsynlegt sé að setja lög um prófkjör. Ég er algjörlega andsnúin slíkum pælingum einmitt vegna þess sem sagt var hér að undan, að prófkjör eru einungis aðferð til að velja fólk á framboðslista.

Lög um stjórnmálaflokka eru sett á Alþingi. Stjórnmálaflokkarnir verða síðan hver og einn að setja lög eða reglur um og fyrir sitt fólk, reglurnar verða væntanlega misjafnar enda stjórnmálaflokkarnir misjafnir rétt eins og þau lífsviðhorf sem þeir endurspegla. ■

## Efst í huga Ólafs F. Magnússonar, læknis og borgarfulltrúa



### Ampop-hátíð

Það var sannkölluð hátíð hjá fjölskyldu minni í liðinni viku.

Á fimmtudagskvöld tók Kjartan Friðrik, annar tvíburasona minna, öðru sinni við verðlaunum fyrir vinsælasta lag ársins, „My delusions", sem hann samdi með félaga sínum Birgi Hilmarssyni úr hljómsveitinni Ampop, sem hóf feril sinn í kjallaraherbergi á heimili mínu fyrir sjö árum.

### Doktorsvörn

Á föstudagsmorgninum varði Anna Sigríður, dóttir mín, doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands um Næringu og lífshætti kvenna á barneignaraldri.

Doktorsvörnin var síður en svo þurr upptalning staðreynda heldur lífleg umræða og skoðanaskipti um ýmsa þætti sem hafa áhrif á útkomu meðgöngu. Af henni mátti þó vera ljóst að heill hafsjór af rannsóknum varðandi lýsistöku bíður úrlausnar, enda bilið stutt á milli hollustu og óhollustu þegar lýsisskammtar eru annars vegar.

Á laugardagskvöld var haldin mikil veisla á heimili mínu til heiðurs Önnu Sigríði og eiginmanni hennar, og nutum við foreldrar og bræður hennar þrír þess svo sannarlega að vera í góðum hópi vina og samstarfsfólks þeirra. Í veislunni færði Anna Sigríður andmælendum sínum úr doktorsvörninni íslenskar teskeiðar að gjöf og minnti á að teskeið hér á landi, að rúmmáli 2,5 ml, væri ekki endilega það sama og teskeið í Bandaríkjunum eða Noregi og að lítil þúfa gæti velt þungu hlassi í því sambandi!

### Baráttan framundan

**Hörðaland - Fossvogi** Mjög falleg og góð 3-4ra herbergja íbúð á 3.hæð með **frábæru útsýni.** Í dag er íbúðin með tveimur góðum herbergjum, enn annað herbergið var áður tvö, auðvelt er að breyta aftur í fyrra horf. Björt og góð stofa með parketi, útgangur er út á góðar suður svalir með **frábæru útsýni.** Húsið var viðgert og málað síðasta sumar. Mjög snyrtilegur stigagangur. Eign á frábærum stað í Fossvogi. **Verð 20,1 millj.**



**Laus strax. Glæsileg 126 fm, 5 herbergja endaíbúð í litlu vönduðu lyftufjölbýli.** Íbúðin er vel skipulögð með fjórum rúmgóðum herbergjum á þriðju hæð, gluggar á þremur hliðum. Eldhúsið er rúmgott með veglegri innréttingu og vönduðum tækjum. Stofan björt og rúmgóð með góðu útsýni og útgengi útá svalir. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, baðkar, veggsalerni og falleg innrétting. Þvottahús er innan íbúðar. Rúmgott stæði í bílageymslu fylgir eigninni sem og góð geymsla. Þetta er glæsileg eign í vönduðu fjölbýli. **Tilboð óskast.**

**Mikill sala**
**Vantar eignir**

## 3ja herb.



**Góð vel staðsett 85 fm 3ja herbergja íbúð.** Anddyri flísalagt. Herbergin eru parketlögð með góðum gluggum. Stofan parketlögð, björt og rúmgóð. Eldhúsið með góðri innréttingu og borðkrók. Rúmgott parketlagt hol. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. **Góð kaup á góðum stað. Tilboð óskast.**



**Laugateigur - tækifæri** 3ja herbergja ósamþykkt íbúð í risi á þessum frábæra stað í Teigunum. Íbúðin er skráð um 51 fm í fmr enn er miklu meira að gólffleti. Tvö góð herbergi. Stofa með útgang út á svalir. Eignin er í útleigu og er möguleiki á yfirtöku á leigusamningi. **Góð áhvílandi lán samtals 9,3 millj. Verð 13,9 millj.**

## 2ja herb.



**Víkurás- eign með bílskýli** Vorum að fá í einkasölu mjög fallega og vel skipulagða 2ja herbergja endaíbúð með bílskýli. Íbúðin er á 1.hæð með sér garði og verönd. Íbúðin er öll mjög björt og vel skipulögð þar sem allar vistarverur er rúmgóðar. Eign á góðum stað þar sem stutt er í alla þjónustu. Eignin getur verið laus við kaupsamning. **Verð 14,4 millj.**



**Vel skipulögð 2ja herb. íbúð á 1. hæð við Lokastíg í 101 Rvk.** Björt og falleg íbúð í góðu steyptu húsi. Parket er á gólfum og flísar á baði. Svefnherbergi mjög rúmgott, góðir gluggar úr herbergi og stofu útí lokaðan einkagarð sem fylgir eigninni. Eldhús með góðri innréttingu og borðkrók. **Góð eign á góðum stað Verð 15,9 millj**

## Fyrirtæki



**Veitingahúsið Pósthúsið á Tálknafirði** Salan nær bæði til húseignarinnar og rekstursins með öllum búnaði. Húsið er steinsteypt hús, byggt 1979 og er 136.6 fm að stærð. Brunabótamat þess er tæpar 24 millj kr. **Verð 9.8 millj kr.**



**Pylsuvagn við sundstað**

Vagninn er í góðu standi og er á hjólum og væri því unnt að flytja hvert á land sem er **Verð aðeins 1,3 millj**

## Sumarbústaðalóð

**Sumarbústaðalóð að Böðmóðsstöðum í Bláskógarbyggð.** Mjög fallegt **8840 m2 eignarland** við Böðmóðsstaði í Bláskógabyggð. Búið er að leggja veg, bílastæði. Komið er kalt vatn að lóðarmörkum og búið að borga fyrir það. Rafmagn er við lóðarmörk. Byggja má gott sumarhús á

**Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is**



HENRY JAMES (1843-1916) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Hugmyndir eru, í raun og veru, afl.“*

*Henry James var bresk/bandarískur rithöfundur en þó nokkrar af sögum hans hafa verið kvikmyndaðar.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 28. FEBRÚAR 1986

# *Olof Palme skotinn til bana*

Að kvöldi þessa dags árið 1986 var Olof Palme, hinn ástsæli forsætisráðherra Svíþjóðar, skotinn til bana í Stokkhólmi.

Palme og eiginkona hans, Lisbeth Palme, lögðu leið sína í kvikmyndahúsið Grand þetta örlagaríka kvöld og höfðu mælt sér mót við son sinn og unnustu hans. Kvikmyndasýningunni lauk rúmlega ellefu. Palme-hjónin kvöddu soninn fyrir utan kvikmyndahúsið og gengu í áttina að gatnamótum við Tunnelgötu sem í dag heitir Olof Palmes gata. Þegar þau komu að gatnamótunum steig fram maður og hleypti af tveimur skotum úr magnum-



OLOF PALME

skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson. Annað skotið hitti Olof Palme og varð honum að bana.

Hitt skotið særði Lisbeth Palme. Byssumaðurinn hljóp síðan burt í austurátt eftir Tunnelgötu.

Morðið var sænsku þjóðinni mikið áfall og það vakti vitaskuld óhug um öll Norðurlönd þar sem það hafði ekki tíðkast að ráða þjóðarleiðtogum bana.

Rannsókn morðmálsins varð síðan eitt allsherjar klúður og enn hefur ekki fengist botn í það hver banaði Palme í raun og veru og hvílir málið því enn þungt á Svíum. Árið 1989 var maður að nafni Christer Pattersson dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morðið en dómurinn var afturkallaður nokkrum mánuðum síðar.

## MERKISATBURÐIR

**1849** Fyrstu gullleitarmennirnir koma til San Fransiskó.

**1920** Þilskipið Valtýr ferst fyrir sunnan land og með því þrjátíu menn.

**1950** Breska olíuskipið Clam ferst við Reykjanes. 27 skipverjar farast en 23 er bjargað. Voru flestir þeirra kínverskir.

**1975** Yfir fjörutíu látast í neðanjarðarlestarslysi í London.

**1983** Samþykkt er á Alþingi að Ó, Guð vors lands! verði þjóðsöngur Íslendinga.

**2001** Tíu látast í lestarslysi á Englandi þegar bíll kastast af þjóðvegi yfir á járnbrautarteina.

## AFMÆLI



**Hilmar Foss,** skjalaþýðandi og dómtúlkur, er 86 ára.



**Mats Wibe Lund** ljósmyndari er 69 ára.



**Edda Jónsdóttir** myndlistarmaður er 64 ára.



**Tryggvi Pálsson** hagfræðingur er 57 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1632** Jean Baptiste Lully tónskáld.



**1901** Linus Pauling hlaut nóbelsverðlaun fyrir efnafræði árið 1954 og friðarverðlaun nóbels árið 1962.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jóna Þorsteinsdóttir** frá Langholti í Flóa, síðast til heimilis í Seljahlíð, Hjallaseli 55, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

13.00 **Jón Þór Ólafsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

14.00 **Bryndís Sigrún Karlsdóttir,** áður til heimilis í Brekkugötu 29, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.

# Knapi valinn íþróttamaður HSK

Sigurður Sigurðarson, tamningamaður og knapi, var kosinn íþróttamaður HSK, héraðssambandsins Skarphéðins, árið 2005. Sigurður varð heimsmeistari í fjórgangi á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Svíþjóð síðastliðið sumar á hestinum Silfurtoppi frá Lækjarmótum.

Átján íþróttamenn voru tilnefndir í kjörinu sem var lýst á laugardag á Héraðsþingi HSK í Hveragerði. Í öðru sæti varð kylfingurinn Hlynur Geir Hjartarson og þriðja Vigdís Guðjónsdóttir, frjálsíþróttakona í því þriðja. ■



**SIGURÐUR SIGURÐARSON KNAPI** Valinn íþróttamaður HSK árið 2005.



**GOLFVALLAARKITEKT** Snorri segir golfmenningu á Íslandi svipa mjög til þeirrar í Skotlandi þar sem allir geta spilað golf og íþróttin er laus við að vera snobbíþrótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SNORRI VILHJÁLMSSON:** HANNAR GOLFVELLI Í AUSTURRÍKI

# Golfvellir hans ær og kýr

Snorri Vilhjálmsson er fyrsti Íslendingurinn til að útskrifast með meistaragráðu í golfvallaarkitektúr. Hann útskrifaðist frá Edinborgarháskóla síðastliðið vor og hefur síðan unnið að verkefnum fyrir Swan Golf Designs í Essex. Undanfarna daga hefur hann hvílt hugann og lúin bein á Íslandi en heldur á morgun til Austurríkis til að vinna fyrir fyrirtækið Golf and Land Design sem tekur að sér verkefni um alla Evrópu.

„Ég fór út í þetta af því ég hafði mikinn áhuga á golfi,“ segir Snorri sem hefur spilað golf frá þrettán ára aldri. Hann gerir ekki mikið úr sigrum sínum sem kylfingur en viðurkennir þó að hafa orðið unglingameistari í Garðabæ. Atvinnumennskan var þó of fjarlægur draumur og því var nám í golfvallaarkitektúr kjörið tækifæri fyrir Snorra til að geta starfað við golf allan daginn.

Snorri segir golfmenningu á Íslandi svipa mjög til þeirrar í Skotlandi. „Þar geta allir spilað golf og þetta er ekki snobbíþrótt,“ segir hann glaðlega og telur að svipað eigi við um Austurríki. Hins vegar sé annað uppi á tengingnum í Þýskalandi og Bandaríkjunum þar sem vellir eru lokaðir fyrir félaga og dýrt er að spila.

Hann vill ekki gera upp á milli golfvalla á Íslandi en segir marga mjög góða. „Það er sérstaklega íslenskri náttúru að þakka,“ segir Snorri sem telur að oft sé betra að gera minna en meira og leyfa náttúrulegum einkennum að halda sér við golfvallagerð. Hann á sér enga uppáhaldsvelli en finnst fjölbreytnin best. „Mér finnst bæði gott að spila við sjóinn og í skógarvöllum,“ segir Snorri og finnst skemmtilegt að sjá mismuninn á þessum völlum. Inntur eftir því hvort Íslendingar muni njóta starfskrafta hans í nálægri framtíð segist hann meira en til í það ef bjóðist skemmtilegt verkefni. Hann segir þróunina töluvert á uppleið hér á landi og skemmtilegt að sjá að erlendir golfarar séu farnir að sýna landinu áhuga, en fyrirhuguð er bygging alþjóðlegs keppnisvallar við Þorlákshöfn sem hinn heimsþekkti kylfingur Nick Faldo mun aðstoða við.

Snorri segir töluverða þróun vera í golfinu um allan heim. Nú beri mest á uppbyggingu golfvalla og golfmenningar í austurhluta Evrópu sem er að opnast fyrir hugmyndinni auk þess sem meira fjármagn sé sett í íþróttina þar.

Snorri veit ekki með vissu hvaða verkefni bíða hans á næstu mánuðum. Hins vegar er ljós að golfið er allt um kring í lífi hans. „Maður er allan daginn að hugsa um golf,“ segir Snorri og minnist þess að hreinlega var ætlast til þess að hann hugsaði og talaði um golf allan tímann sem hann var í náminu. „Þetta var eitthvað sem maður var skammaður fyrir hér í gamla daga,“ segir arkitektinn og hlær. ■




†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústa María Ahrens**

áður til heimilis í Barmahlíð 19,

lést laugardaginn 18. febrúar á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 1. mars, kl. 15:00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkað, en þeir sem vilja minnast hennar láti Félag aðstandenda Alzheimerssjúkra njóta þess. (Sími 898-5819)

Georg Ahrens Hauksson — Ingibjörg Sveina Þórisdóttir
Erlendur Hauksson — Kristín Helgadóttir
Sonja Georgsdóttir
Ingi Haukur Georgsson — Sigrún Pétursdóttir
Ágústa Ruth Ahrens Georgsdóttir — Ragnar Páll Dyer
Ólafur Haukur Erlendsson — Sigrún Björgúlfsdóttir
Almar Þór Ingason — Annamaría Alesdotter
Haraldur Haukur Ingason
og barnabarnabörn.


# Málþing um börn og auglýsingar

Börn og auglýsingar verða til umræðu á málþingi sem haldið verður á morgun, öskudag, á Grand hóteli Reykjavík frá 12.30 til 16.45. Umboðsmaður barna, talsmaður neytenda og Heimili og skóli standa fyrir málþinginu sem ber yfirskriftina Börn og auglýsingar – er vilji til að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum?

Sjónum verður beint að ýmsum þáttum sem snerta málefnið. Til að mynda hver staðan er í dag, gildandi reglur hérlendis og erlendis auk þess sem farið verður yfir fræðin sem liggja að baki. Má nefna að Baldur Kristjánsson, dósent í sálfræði við Kennaraháskóla Íslands, mun fjalla um auglýsingalæsi barna.

Fjallað verður sérstaklega um börn sem neytendur en María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, reynir að svara spurningunni: Eiga auglýsendur að bjóða börnum upp í dans?

Þá verður fjallað um markaðinn og hvort auglýsingar hafi í raun áhrif á börn og unglinga, auk þess sem Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneyti og fulltrúi í fjölmiðlanefnd, fjallar um ábyrgð ljósvakamiðla og annarra fjölmiðla gagnvart börnum.

Í lok málþings stjórnar Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri NFS, pallborðsumræðum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. ■



**AÐ LEIK** Á málþinginu Börn og auglýsingar verður reynt að svara þeirri spurningu hvort vilji sé til að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# ÞAÐ ER EKKI NÓG AÐ VERA VINSÆLL Í VIKU!

7 AF 10 VINSÆLUSTU ÞÁTTUM SJÓNVARPSINS ERU EKKI LENGUR Á DAGSKRÁ







# STUÐ MILLI STRÍÐA Lífið er pönk

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** HEFUR FUNDIÐ TILGANG LÍFSINS



Leit mín að tilgangi lífsins undanfarin 30 ár eða svo hefur oft gengið býsna nærri andlegri heilsu minni. Rótgróið trúleysi hefur orðið til þess að ég hef hlaupið ítrekað á þykka veggi eins og sturlaður maður í guðlausum heimi. Ég leitaði að tilganginum ofan í kaffibolla. Þar var allt svart. Leitaði líka í brennivínsþokunni og fann ekkert nema tilgangsleysi. Leitaði líka í bókum. Það gerði illt verra. Ég komst að vísu að því að sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni. Að öðru leyti var ég litlu nær.

Þegar ég klippti á naflastreng frumburðar míns rúmlega tvítugur þóttist ég í augnablik loksins hafa fundið tilganginn. En þetta er auðvitað ódýrasta skýringin á því að við skulum yfirleitt nenna að stíga þann darraðardans sem lífið er. Mannkynið er einfaldlega ekki nógu göfugt til þess að það þjóni tilgangi að viðhalda því auk þess sem framkoma okkar við náttúruna og umhverfi okkar hefur fyrir löngu tekið af öll tvímæli um að dýrum merkurinnar væri betur borgið ef við yfirgæfum sköpunarverkið.

Svarið barst mér svo loks inn um stofugluggann um daginn þegar ég heyrði í börnum að leik. Komst þá að því að ég fór býsna nærri sannleikanum á fæðingardeildinni fyrir 14 árum. Börnin eru tilgangur lífsins og ef til vill ekki síður að vera barn sem lengst. Börn kunna að leika sér og þá um leið að lifa. Þau láta í sér heyra, reyna á öll mörk og valda almennum usla og hávaða.

Tilgangur lífsins er ekki að viðhalda því heldur að lifa því, eins og barn. Vera með bægslagang, gera læti, hlæja, grenja og öskra. Hrista upp í stöðnuðu liði sem hefur gleymt uppruna sínum og vill hafa það náðugt með því að steypa alla í sitt mót. Og steypa svo yfir allt grænt. Það að lifa er að vera öðruvísi, synda gegn straumnum og hafa dramatísk áhrif á umhverfi sitt.

Lífið er pönk og það er kominn tími á byltingu. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



1. Fréttir NFS
2. Idol-Stjörnuleit
3. Meistarinn
4. Stelpurnar
5. Sjálfstætt fólk
6. Ísland í dag
7. Nip/Tuck
8. Simpsons
9. Fear Factor
10. Strákarnir



# AÐ SJÁLFSÖGÐU SÝNUM VIÐ 10 VINSÆLUSTU ÞÆTTINA OKKAR ÁFRAM!

**GÆÐA DAGSKRÁ ALLT ÁRIÐ**
EKKI BARA STUNDUM

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup – 10 vinsælustu þættir stöðvar 2

**!** **Kl. 12.05**
***Guðrún Eva Mínervudóttir*** *rithöfundur heldur fyrirlestur í hádeginu í dag um þýðingu sína á bókinni Leynilíf býflugnanna (The Secret Life of Bees) eftir Sue Monk Kidd. Fyrirlesturinn er haldinn í stofu 102 í Lögbergi á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Gabríela og Kristín áfram*

Tvær sýningar Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu verða framlengdar um viku, eða til næsta sunnudags. Þetta eru sýningar Gabríelu Friðriksdóttur og Kristínar Halldórsdóttur Eyfells. Báðum sýningunum átti að ljúka um síðustu helgi en aðsóknin hefur verið svo góð að ástæða þótti til að gefa fleirum kost á að kynna sér þær.

Gabríela Friðriksdóttir var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum síðastliðið sumar þar sem hún sýndi verkið Versations / Tetralógía sem nú er uppi í Hafnarhúsinu. Um er að ræða innsetningu sem stendur saman af fjórum myndböndum, sem hún gerði m.a. í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur, Sigurð Guðjónsson, Borgar Þór Magnason og Jónas Sen.

Kristín Halldórsdóttir Eyfells (f. 1917) bjó og starfaði lengi vestan hafs en hún lést árið 2002. Sýning Kristínar varpar ljósi á lífsverk afkastamikillar listakonu sem helgaði málverkinu mestan sinn tíma. Á sýningunni eru sýnd fjölmörg verka



Kristínar; stórar, litríkar og grófgerðar andlitsmyndir einkum af þekktum einstaklingum á sviði stjórnmála eða lista.

### > Ekki missa af ...

... sýningu Kvikmyndasafns Íslands á mynd **Rogers Corman, The Fall of the House Usher**, sem hann gerði árið 1960 eftir smásögu Edgars Allans Poe í Bæjarbíói klukkan 20 í kvöld.

... sýningum á verkum **Snorra Arinbjarnar** og **Gunnlaugs Blöndal**, sem opnaðar voru í Listasafni Íslands um síðustu helgi.

... fjölskyldutónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói á laugardaginn kemur. Hinn rómaði **Kór Kársnesskóla** syngur með hljómsveitinni.





Stóra svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 4/3 kl. 14 UPPS. Su 5/3 kl. 14 UPPS.
Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS
Lau 18/3 kl 14 Su 19/3 kl. 20

**CARMEN**
Fö 3/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20
Lau 25/3 kl. 20

**TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-**
Su 5/3 kl. 20 Gul kort.
Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort
Su 19/3 kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort

**WOYZECK**
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
AUKASÝNINGAR:
Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 .

**PÍKUSÖGUR**
Mi 1/3 kl. 20 Í tilefni af V-DEGINUM flytja þingkonur þetta þekkta verk Eve Ensler

Nýja svið / Litla svið

**BELGÍSKA KONGÓ**
Lau 4/3 kl. 20 UPPS. Su 5/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20 UPPS.
Su 12/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPS.
Fi 9/3 kl. 20 Mi 15/3 kl. 20
Fi 16/3 kl. 20 Fö 23/3 kl. 20

**HUNGUR**
Lau 4/3 kl. 20 Mi 8/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20

**NAGLINN**
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPSELT
Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 UPPSELT

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Mi 1/3 kl. 20 UPPSELT Fö 17/3 kl. 20

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Í kvöld kl. 20 umræðufundur um íslensk sakamál í forsal Borgarleikhússins

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


# Hrifinn af hægu köflunum

**Svolítið af Mozart, heilmikið af Schumann og splunkunýtt eftir Atla Heimi. Færeyski píanóleikarinn Johannes Andreasen leikur við hvern sinn fingur í Salnum í kvöld.**



**JOHANNES ANDREASEN** Í kvöld sest hann við píanóið á sviði Salarins í Kópavogi, þar sem hann segist vera á heimaslóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Ég setti Mozart á efnisskrána af því að hann á 250 ára afmæli," segir færeyski píanóleikarinn Johannes Andreasen, sem heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld í tónleikaröðinni Tíbrá.

Á tónleikunum ætlar hann að leika sónötu og fantasíu í c-moll eftir Mozart og sinfónískar etýður eftir Schumann, en einnig frumflytur Jóhannes nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson.

„Atli Heimir nefndi þetta fyrst við mig fyrir nokkru að hann væri að spá í að skrifa fyrir mig verk," segir Johannes. „Síðan minnti ég hann á þetta og svo kom þetta frá honum núna fyrir jólin. Þá hafði hann samið þetta í haust. En því miður er hann staddur í Tékklandi núna og kemst því ekki á tónleikana. Það hefði verið gaman að hafa hann með."

Johannes segir þetta nýja píanóverk Atla Heimis vera frekar stutt en ákaflega fjölbreytt, ýmist kraftmikið eða lágvært.

„Mér finnst þetta mjög spennandi, sérstaklega hægu kaflarnir, þeir eru mjög fallegir."

Eftir hlé ræðst Johannes síðan í það stórvirki að flytja sinfónísku etýðurnar eftir Schumann, sem er eitt aðalverk píanóbókmenntanna.

„Flestir píanóleikarar glíma við þetta verk, en þetta er í fyrsta skipti sem ég flyt það," segir Johannes.

Johannes er fæddur í Þórshöfn í Færeyjum, kennir þar við Færeyska tónlistarskólann og hefur víða komið fram með ýmsum tónlistarmönnum, bæði færeyskum og þekktum erlendum einleikurum. Hann hefur oft leikið einleik með Færeysku sinfóníuhljómsveitinni og hefur einnig komið fram með íslenska tónlistarhópnum Caput og Blásarakvintett Reykjavíkur.

„Mér finnst alltaf fagnaðarefni að koma til Íslands því ég bjó hér á árunum 1993-96. Þá kenndi ég við Tónlistarskóla Kópavogs, þannig að mér finnst ég vera hér á heimaslóðum."


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
**Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus og **sun. 12/3 kl. 13:00**. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
**Frumsýning fös. 3/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 nokkur sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 nokkur sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR** Hún er ein þeirra Nýhílskálda sem lesa upp úr verkum sínum á Nýhílkvöldi á Café Rosenberg. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Sprengidagskrá Nýhils

Skáldafélagið Nýhíl stendur fyrir uppákomu í kvöld á Café Rosenberg við Lækjargötu, sannkallaðri sprengidagskrá enda haldin á sjálfan sprengidag.

„Þetta verður klassískt Nýhíl kvöld," segir Kristín Eiríksdóttir, ein þeirra skálda sem koma fram í kvöld. „Þau hafa yfirleitt verið haldin á Grand Rokk en við höfum vært okkur yfir á Rosenberg."

Auk Kristínar lesa úr verkum sínum þau Haukur Már Helgason, Þórunn Valdimarsdóttir, Didda, Ófeigur Sigurðsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ingibjörg Magnadóttir og Kari Ósk Ege.

„Þetta kvöld er reyndar haldið út af því að tveir meðlimir Nýhils eru að fara til útlanda," segir Kristín. Þær Ingibjörg Magnadóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir eru báðar að flytja til Berlínar.

„Við ætluðum bara að ná í þær áður en þær færu," segir Kristín, en þótt Ingibjörg og Guðrún Eva fari af landi brott þá hefur Nýhil bæst liðsauki sem ætti að geta fyllt í skörðin því nýverið gengu þær Þórunn Valdimarsdóttir og Didda til liðs við Nýhil.

Dagskráin á Café Rosenberg hefst klukkan 22. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

25 26 27 **28** 1 2 3

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir hryllingsmyndina **The Fall of the House of Usher** eða Hús hinna fordæmdu frá árinu 1960. Myndina byggir leikstjórinn **Roger Corman** á smásögu eftir **Edgar Allan Poe**. Sýnt er í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Færeyski píanóleikarinn **Jóhannes Andreasen** heldur einleikstónleika í Tíbrá í Salnum, Kópavogi.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 Sigurlið laganema við Háskólann á Akureyri, sem er á leið í úrslit alþjóðlegu Jessup málflutningskeppninnar, flytur styttar útgáfur af erindum sínum á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu L201 á Sólborg.

☐ 12.05 **Guðrún Eva Mínervudóttir** rithöfundur heldur fyrirlestur um þýðingu sína á bókinni Leynilíf býflugnanna (The Secret Life of Bees) eftir Sue Monk Kidd. Fyrirlesturinn er haldinn í stofu 102 í Lögbergi á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

### SAMKOMUR

☐ 22.00 **Nýhil** stendur fyrir uppákomu á Café Rosenberg við Lækjargötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# Um útlit og innihald

**LEIKHÚS**

ÍSMEDÍA/AUSTURBÆ

**Hafið bláa**

**Leikarar:** Ívar Örn Sverrisson/Halla Vilhjálmsdóttir/Jón Jósep Snæbjörnsson/Valgerður Guðnadóttir/Árni Pétur Guðjónsson/Ólafur Þorvaldz/Aðalbjörg Árnadóttir/Matthías Matthíasson/Erlendur Eiríksson/Selma Björnsdóttir/**Dansarar:** Ásta Bærings/Íris María Stefánsdóttir/Þórdís Schram/**Hljóðfæraleikur:** Jóhann Hjörleifsson/Eiður Arnarsson/Kjartan Valdemarsson/Þorvaldur Bjarni/Vignir Snær Vigfússon

**Höfundur:** Kristlaug María Sigurðardóttir/**Tónlist:** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson/**Danshöfundur:** Cameron Corbett/Búningar: María Ólafsdóttir/**Leikmynd og leikmunir:** Arna Valsdóttir/**Ljósahönnun:** Freyr Vilhjálmsson og Björn Bergsteinn Guðmundsson/**Hljóð:** Bongó ehf. Ívar Ragnarsson og Dimitra Drakopoulou/**Förðun:** Skjöldur Eyfjörð/**Leikstjórn:** Agnar Jón Egilsson.

**Niðurstaða:** Þótt útlit sýningarinnar sé flott nær það ekki að gera sýninguna að eftirminnilegu leikhúsi.

Í Hafinu bláa segir frá litla karfanum Kletti, sem býr í torfu í kyrrlátum hyl í hafinu risastóra hjá mömmu sinni og afa, hafi þar sem ógnir leynast víða. Það eru ekki allir fiskarnir í sjónum vinir, sumir eru leiðinda stríðnispúkar, aðrir eru beinlínis hættulegir. Hættulegust eru þó net fiskimannanna og leikurinn hefst á því að torfan sem Klettur býr í lendir í netinu. Allir nema hann.

Klettur, sem er bara lítill fiskur, verður að leggja út í hið stóra haf og finna hjálp til að frelsa sitt samfélag úr netinu áður en það verður híft upp. Hann hittir fljótlega karfastelpuna Lukku sem segir honum að hans eina von sé Skuggi. Þau halda af stað í leit að Skugga, lenda í smá átökum við skötuna Harpý og véla risahumarinn Hrím til að hjálpa sér.

Umgjörð og útlit sýningarinnar er ákaflega falleg. Leikmynd og lýsing, búningar og förðun mynda heildrænan ævintýraheim sem gaman hefði verið að sjá ganga upp. En, því miður, er handritið stóra brotalömin. Talaður texti er fremur sundurlaus og átakalítill, á köflum hrein flatneskja og söngtextar óttalegt bull. Það er svona rétt eins og orðin hafi verið sett inn bara til að hafa orð og skiptir í rauninni engu máli hvað er sagt. Þar af leiðandi vantar verkið bæði skilaboð og dýpt. Forsendur ævintýrisins eru ekki fyrir hendi. Klettur og Lukka þvælast um hafið, verða áhorfendur að einu og öðru – en lenda lítt í raunum, hafa fátt til að sigrast á og vaxa af. Á endanum slampast þau einhvern veginn á Skugga.

Hvað tónlistina varðar, þá hefur Þorvaldi Bjarna oft tekist betur upp. Ekki eitt einasta lag í sýningunni hljómar í höfðinu á manni eftir að henni lýkur. Lögin eru of einsleit og gera lítið til að undirstrika karakter. Nema lagið sem skatan Harpý syngur stuttu fyrir hlé. Þar lifnaði sýningin svo um munar. Flutningur Selmu Björnsdóttur var svo stórkostlegur að maður óskaði þess að hún héldi bara áfram að syngja. Röddin naut sín út í æsar og var fylgt eftir með látbragði sem var óaðfinnanlegt. Þetta líf endurtók sig þegar þau Klettur og Lukka hittu Harpý í seinni hlutanum. Það má alveg segja að skúrkurinn sé þakklátt hlutverk – en Selma gerði einfaldlega svo miklu meira en að vera bara skúrkur. Hún virtist ein um það í sýningunni að skilja út á hvað leiklist gengur. Ekki þar fyrir, leikurunum var nokkur vorkunn að reyna að moða einhvern karakter úr innihaldsleysi textans. Ekki lífguðu dansararnir mikið upp á sýninguna, voru of stirðir og klunnalegir til að hrífa áhorfandann.

Í leikstjórninni eru of mörg klaufaleg mistök. Þau stærstu hljóta þó að vera léleg nýting á leikhópnum til að skapa líf í hafinu. Í hvert sinn sem sólónúmer eru flutt á sviðinu, hverfur lífið úr sjónum, viðkomandi söngvari (fiskur) flytur bara númerið sitt, stundum með dansarana þrjá að gera einhverjar hreyfingar og hopp. Afleiðingin verður of mikið endurtekið rof í framvindunni svo áhorfandinn er fljótur að gleyma að hann er á leiksýningu en ekki tónleikum. Annað óskiljanlegt klúður er atriðið þegar torfan hans Kletts lendir í netinu. Netið birtist á sviðinu þar sem fiskarnir virðast vera að leika sér að því – en svo þegar hópurinn lokast inni í því er það horfið.

Þótt útlit sýningarinnar sé flott nær það ekki að gera sýninguna að eftirminnilegu leikhúsi. Til þess er innihaldið of rýrt.

**Súsanna Svavarsdóttir**


Laugardalshöll
23. maí



www.performer.is

*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið
**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
**Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note" Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson Þýtt og staðfært af Sigrúnu Valbergsdóttur**

**Sýningar í IÐNÓ**
**4.sýning mið. 22. febrúar** kl. 14.00
**5. sýning sun. 26. febrúar** kl. 20.00 (ath: breyttan sýningartíma)
**6. sýning mið. 1. mars** kl. 14.00
**7. sýning sun. 5. mars** kl. 14.00
**8. sýning mið. 8. mars** kl. 14.00
**9. sýning sun. 12 mars** Uppselt
**10. sýning mið. 15. mars** kl. 14.00
**11. sýning sun. 19. mars** kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700**
**www.midi.is**
**Miðaverð kr. 1.200**

HIMNARÍKI
Fös. 3. mars. kl. 20 örfá sæti laus
Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Þri. 28. feb. kl. 09.00 UPPSELT
Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fim. 2. mars kl. 20 - forsýning
lau. 4. mars kl. 20 - frumsýning
sun. 5. mars kl. 20
lau. 11. mars kl. 20
sun.12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

ÖSKUBUSKA
**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - 10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - LOKASÝNING
**KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BOÐI VINAFÉLAGSINS - KL.19.15**
**ÁSTARDÚETTAR OG MANSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15**
Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, sópran og Kurt Kopecky, píanó.
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
MasterCard-hafar fá 20% afslátt af miðaverði á hádegistónleika
ÍSLENSKA ÓPERAN







SAKAMÁL Á SVIÐ!
Leikfélag Reykjavíkur efnir til samkeppni um nýtt íslenskt Sakamálaleikrit.
Leikhúsið auglýsir nú eftir drögum/grind að sakamála-leikverki.
Drögin skulu berast Borgarleikhúsinu, Listabraut 3, 103 Reykjavík, í síðasta lagi 31.maí 2006. Handrit skulu innihalda, fléttu, senuskipan og persónur. Handrit skal vera útprentað í umslagi merktu "Sakamál á svið" og nafn höfundar viðlagt í lokuðu umslagi, merktu verkinu.
Leitað er að þremur til sex verkum til frekari þróunar og vinnslu í leikhúsinu á leikárinu 2006-2007.
Samkeppnin er öllum opin. Nánari upplýsingar veita Guðjón Pedersen, gio@borgarleikhus.is og Steinunn Knútsdóttir, steinunn@borgaleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ







AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Hresstu þig við...



Rauði liturinn kemur eins og þruma inn í vortískuna. Splæstu á þig einhverju rauðu og lífgaðu upp á hversdagsleikann. Það er aldrei of mikið af litum í tilverunni.



- Taktu til heima hjá þér og settu nokkra ferska og fallega túlipana í vasa. Þeir lífga upp á tilveruna.

- Það er orðið línuskautafært í Reykjavíkurborg. Ef þú átt ekki línuskauta skaltu fara strax og fjárfesta í einum slíkum. Það fást flottir skautar í Útilíf og Intersport.






- Jarðarberjafreyðivín frá Fresita er sérlega stelpuvænt og gott.

- Taktu vítamín. Þau bæta og kæta.





# *Ferskir straumar í hártískunni*

Hártískan fyrir næsta vetur hjá hárgreiðslufyrirtækinu Vidal Sassoon var kynnt á sýningu í London þann 13. febrúar. Herdís Sigurðardóttir, hárgreiðslukona hjá Jóa og félögum, fór á sýninguna og tók myndir af hárinu.

„Það sem er áberandi í vetrartískunni eru djúpir litir eins og fjólublár, rauður, blár og grænn sem eru notaðir til að brjóta upp hár í náttúrulegum litum. Þá er til dæmis hægt að hrista upp í dökku hári með sterkum fjólubláum lokkum eða í ljósu hári með rauðum lokkum. Þetta eru allt partalitanir en ekki strípur. Það eru fáir í þekktustu hárfyrirtækjunum sem nota strípur í dag,“ segir Herdís sem sér um hár nokkurra keppenda í Idolinu. „Klippingarnar eru einfaldar í grunninn og útlínur hársins eru sterkar en notaðir eru lokkar til að brjóta klippinguna upp og fá meira flæði og hreyfingu í hárið. Herratískan er sjúskuð en listamannaleg. Hárið er heillitað og frekar dökkt en litirnir eru mattir og náttúrulegir.“

Herdís hefur sjálf unnið fyrir Vidal Sassoon en hún er eini Íslendingurinn sem hefur lokið post graduate kúrs. „Það er stórt atriði hjá Vidal Sassoon að viðskiptavinurinn eigi auðvelt með að ná klippingunni rétt. Hann á ekki að þurfa að vera fastur í speglinum í marga klukkutíma heldur á að nægja að þurrka hárið og þá er það flott. Þeir hönnuðu meðal annars bítlaklippingarnar, David Beckham klippinguna og hafa séð um Óskarinn í sautján ár.“

Aðspurð hvort hún telji að þessar nýju línur frá Vidal Sassoon muni fá meðbyr í hári Íslendinga segir hún: „Íslendingar eru frekar stífir en mér finnst þeir vera hægt og rólega að breytast. Það er fullt af fólki sem þorir að vera öðruvísi og auðvitað er ekki til nein uppskrift að flottu hári. Það þurfa allir bara að finna sinn stíl í hárinu eins og öðru.“ hilda@frettabladid.is





















## Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

**Fréttablaðið** kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CONTANT GARDENER | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40, 8 og 10.10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NANNY MCPHEE | kl. 6 og 8 |
| CONSTANT GARDENER | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| FINAL DESTINATION 3 | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Corman í Bæjarbíói

Bæjarbíó í Hafnarfirði sýnir í kvöld myndina House of Usher frá árinu 1960 eftir hinn rómaða hryllingsmyndaleikstjóra Roger Corman, með engum öðrum en Vincent Price í aðalhlutverki.

Myndin, sem þykir með betri myndum Cormans, byggir á smásögu eftir Edgar Allan Poe. Alls gerði Corman sjö myndir byggðar á smásögum Poes og þykir hafa tekist sérstaklega vel að blanda saman gamaldags draugasögu og nútímalegri hrollvekju í þessari mynd. House of Usher fjallar um ungan mann, Philip Winthrop að nafni, sem kemur óboðinn í heimsókn á heimili Usher-fjölskyldunnar til að heimsækja kærustuna sína Madeleine. Ekki er allt með felldu og kemst hann að því að bölvun hvílir á fjölskyldunni sem hefur meðal annars firrt Roderick, bróður Madeleine, (leikinn af Price) vitinu.



**VINCENT PRICE** Leikur Roderick Usher, en fjölskyldubölvun hefur gert hann geðveikan. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Myndin verður sýnd klukkan 20 í Bæjarbíói á Strandgötu númer 6, en miðasala hefst um það bil hálftíma fyrir sýningu og er aðgangseyrir 500 krónur. Myndin verður sýnd aftur laugardaginn 4. mars klukkan 16.

**- bs**

# Langar í hlutverk



Hin fagra rokkaradóttir Elizabeth Jagger heldur áfram að feta í fótspor móður sinnar. Núna þegar hún er orðin eftirsótt fyrirsæta vill hún líka gerast leikkona. Jerry Hall, móðir hennar, hóf feril sinn sem fyrirsæta en er nú frægari fyrir leik sinn í leikhúsum Lundúna og síðast í söngleiknum High Society.

Elizabeth sást aðeins í myndinni Igby Goes Down en þar voru Kieran Culkin og Claire Danes í aðalhlutverkum. „Mér er alvara með að læra að leika," sagði Elizabeth í viðtali við The Daily Mail. „Ég veit að ég get ekki gengið inn í stjörnuhlutverk. Ég vil bara fá lítið hlutverk, þrjár mínútur í kvikmynd einhvers toppleikstjóra." Elizabeth var næstum búin að fá hlutverk í næstu kvikmynd Sofiu Coppola, Marie Antoinette, en atriðið sem hún átti að koma fram í var fellt niður.



**MORGAN FREEMAN** Lítur upp til Sir Bens.

# Hógværðin uppmáluð

Leikarinn Morgan Freeman sá ekkert að því að verða við beiðni meðleikara síns Sir Bens Kingsley og kalla hann Sir Ben. Aðrir leikarar hafa kvartað undan snobbinu í Kingsley og fundist hann góður með sig en hann og Morgan leika saman í myndinni Lucky Number Slevin. „Hann bað mig að kalla sig Sir Ben svo ég kallaði hann alltaf því nafni," sagði hinn hógværi Freeman. „Mér finnst ennþá spennandi að hitta svona stórar stjörnur. Ég ólst upp með kvikmyndunum og verð ennþá rosalega spenntur þegar ég hitti fólk sem ég lít jafn mikið upp til og Sir Ben. ■

# Selurinn Snorri og ferðalög

Pétur Yamagata í Nexus fór á bókamarkaðinn í Perlunni.

„Ég valdi þrjár ferðahandbækur sem heita Á ferð um landið og innihalda bæði aksturs og gönguleiðir. Ég ætla að þramma um landið eins mikið og ég get í sumar. Svo fékk ég mér bókina um selinn hann Snorra. Hún er snilldarbók og jafnvel undanfari The DaVinci Code og að lokum valdi ég mér nokkrar Snúð og Snældu barnabækur. Mig er búið að langa lengi að hafa afsökun fyrir að lesa þær bækur aftur og núna á ég tveggja ára strák og get lesið þetta fyrir hann. Þá er bara að sjá hvort þessar frábæru bækur hafi staðist tímans tönn."



**PÉTUR YAMAGATA** Hann valdi sér nokkrar bækur á bókamarkaðnum í Perlunni.

# Óttaslegin Keira

Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudaginn en þetta er einhver mesta glamúrhátíð afþreyingariðnaðarins þar sem stjörnurnar koma saman til að sýna sig. Kvikmyndaáhugamenn bíða spenntir eftir að sjá hvort einhverjum takist að skáka smalastrákunum hans Angs Lee á Brokeback-fjalli en tískufrömuðir og spekingar eru ekki síður fullir eftirvæntingar enda reyna leikkonurnar að skarta sínu fegursta fyrir myndavélarnar.

Breska leikkonan Keira Knightley er lafhrædd við rauða dregilinn ef marka má orð hennar í bandarískum spjallþætti en hún er tilnefnd fyrir leik sinn í kvikmyndinni Pride & Prejudice. Ekki eru það þó úrslitin sem stúlkan kvíðir mest fyrir heldur hvernig tískumógúlar heimsins taka henni. „Þetta er eins og hundasýning og mér verður vafalaust líkt við breskan púðulhund," sagði leikkonan en þetta verður í fyrsta skipti sem hún mætir á þessa miklu hátíð. „Það er skelfilegt að hugsa til þess að ég verð mæld og vegin frá toppi til táar, og gefin einkunn út frá kjólnum og skartgripunum," bætti hún við.



**KEIRA KNIGHTLEY** Leikkonan fagra segist vera hrædd við alla tískusérfræðingana sem munu mæla hana út á rauða dreglinum næstkomandi sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kate Moss sást með nýjan strákgemling upp á arminn kvöldið fyrir NME-verðlaunahátíðina og var sá heppni enginn annar en Albert Hammond Jr. úr hljómsveitinni The Strokes. „Hann hvíslaði í eyra hennar allt kvöldið og hún brosti og hló dátt að öllu sem hann lét út úr sér," sagði vitni. Þau tvö sáust einnig yfirgefa skemmtistaðinn í Landrover í lok kvöldsins. Þegar Albert var svo spurður út í atvikið sagði hann: „Við vorum bara full og vinaleg hvort við annað. Hún er svöl stelpa og ég skemmti mér vel, en ég er í sambandi við aðra stelpu." Sú stelpa er einmitt þjóðlagasöngkonan Catherine Pierce, en þau skötuhjúin eru trúlofuð.




GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN

Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi

Hús & Hönnun ehf

FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ

Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

Tilboðsverð 12.999 kr.



Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd

- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

brother At your side. QL-550

Augl. Þórhildar 1390.43




| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | |
| BLÓÐBÖND VIP | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 3:30-5:45-8-10:10 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 5:15-8-10:30 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |
| DERAILED | KL. 10:20 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |
| OLIVER TWIST | KL. 3:30 | B.I. 12 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 | |
| KING KONG | KL. 4 | B.I. 12 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 8 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 8 | B.I. 12 |

| | |
|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 |
| CASANOVA | KL. 8-10 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | B.I. 16 |
| UNDERWORLD 2 | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| DERAILED | KL. 8:15-10:30 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 5:40-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 8 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| CACHÉ | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUD. | KL. 5:45-8:15 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**GEORGE MICHAEL** Var handtekinn eftir að vegfarendur tóku eftir vafasömu aksturslagi hans. Honum var sleppt að lokinni skýrslutöku.
FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS

# George handtekinn

George Michael komst í kast við lögin aðfaranótt laugardags. Margir muna eflaust eftir því þegar lögreglan í Bandaríkjunum handtók söngvarann fyrir ósiðsamlegt athæfi á almannafæri en að þessu sinni voru það yfirvöld í London sem þurftu að hafa afskipti af honum. Vegfarendur tóku eftir Michael þar sem hann átti í erfiðleikum með akstur og gerðu lögreglunni viðvart. Skömmu síðar var söngvarinn kominn á bak við lás og slá og í yfirlýsingu frá lögreglunni kemur fram að fundist hafi eiturlyf af C-gerð. Hún vildi þó ekki staðfesta að George Michael hefði verið umræddur maður að því er fram kom í breskum fjölmiðlum. „Við leit kom í ljós að hinn grunaði hafði undir höndum örvandi efni,“ segir í yfirlýsingunni en söngvaranum var sleppt gegn greiðslu tryggingar. ■

# Hitar upp yrir Adem

Hljómsveitin Amina mun hita upp fyrir Adem á tónleikum í London þann 19. apríl.

Tónleikarnir verða haldnir aðeins tveimur dögum eftir að Amina hitar upp fyrir Sigur Rós á tónleikum í Nýja-Sjálandi. Adem spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir tveimur árum og má lýsa tónlist sveitarinnar sem hugljúfu og melódísku gítarpoppi.

Forsprakki sveitarinnar, Adem Ilhan, er jafnframt bassaleikari síðrokksveitarinnar Fridge. ■



**AMINA** Hljómsveitin Amina hitar upp fyrir Adem í London 19. apríl.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Cuba Gooding Jnr. hefur varað Terence Howard við þeirri skjótfengnu frægð sem hlýst af tilnefningu til Óskarsverðlauna. Margir muna eflaust eftir því þegar Gooding fékk styttuna góðu fyrir leik sinn í Jerry Maguire en síðan þá hefur ferill hans legið beina leið niður. Gooding þótti því hollara að minna á að frægðin er oft fallvölt. „Þú hefur hæfileika og ert heiðraður fyrir þá. Ekki samt láta þér detta það til hugar að þú sért svarið við bænum allra,“ sagði leikarinn sem viðurkenndi að hafa hafnað nokkrum frábærum hlutverkum fyrir frekar vafasamar myndir.



Victoria Beckham heldur áfram að reyna að koma sér á framfæri og út úr skugga eiginmanns síns, knattspyrnuhetjunnar David Beckham. Samkvæmt heimildum breska götublaðsins The Daily Mirror hyggst kryddpían fyrrverandi nú setja á markað förðunarlínu sem selja á í „dýrari“ verslunum. Heimildarmaður blaðsins segir að „fína kryddið“ viti sínu viti þegar komi að útliti og tísku og hafi þegar unnið að þróun nokkurra vara sem setja eigi á markað. Er þetta í samræmi við risasamning Beckham-hjónanna við snyrtivöruframleiðandann Coty sem þegar selur svitalyktareyðir með nafni Beckhams á. „Það eru margir sem velta því fyrir sér hvernig frú Beckham heldur sér svona vel þrátt fyrir mikið annríki og því er eðlilegt að hún hanni sína eigin línu,“ hefur The Daily Mirror eftir heimildarmanni sínum.



Írsku rokkrisarnir í U2 voru útnefndir sem „Sendiherrar samviskunnar“ af mannréttindasamtökunum Amnesty International við hátíðlega athöfn í höfuborg Chile, Santiago. Irene Khan, aðalritari samtakanna, hrósaði hljómsveitinni fyrir framlag sitt í baráttunni gegn fátækt og mannréttindum „Tenging tónlistar þeirra við mannhelgi og mannréttindi á sér engin fordæmi í sögunni og er einstakt fyrirbæri,“ sagði Khan af þessu tilefni. „Þeir eru milljónum manna innblástur og hafa ætíð verið málsvarar þeirra sem minna mega sín.“



# Snætt í svartamyrkri

Hitt húsið setti upp svokallað „blint kaffihús“ á Vetrarhátíð þar sem gestum og gangandi bauðst að snæða kræsingar í svartamyrkri og setja sig þannig í spor blindra. „Fólk var með blindrastaf og blindir og sjónskertir þjónuðu til borðs og vísuðu fólki til sætis,“ sagði Linda Ósk Hilmarsdóttir, starfsmaður Hins hússins.

Um árabil hafa verið starfræktir svona veitingastaðir í París og Berlín en nýlega var slíkur staður einnig opnaður í London. „Við náðum að plasta vel fyrir gluggana svo það var gjörsamlega svartamyrkur niðri í kjallaranum. Boðið var upp á bakkelsi frá Korninu, heitt kakó með rjóma, kaffi og gos. Það komu margir og flestum þótti þetta mjög erfitt og áttu í vandræðum með að venjast myrkrinu þarna niðri. En flestum þótti þetta umfram allt skemmtileg og áhugaverð lífsreynsla.“



**BLINDIR** Fólk fékk kost á að setja sig í spor blindra á „blindu kaffihúsi“ Hins hússins í gær.






## Taktlaus æfing

Eyjólfur Sverrisson stillti ekki upp byrjunarliði á æfingu landsliðsins í gær og heldur var ekki æfð nein taktík. Þess í stað var spilaður fótbolti á milli yngri og eldri leikmanna liðsins og sigruðu hinir ungu, 6-5. Dómaraskandall sögðu einhverjir af hinum eldri.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÞJÁLFARI OG FYRIRLIÐI TRÍNIDAD: SEGJA LEIKMENN ÍSLANDS DUGLEGA OG SÍVINNANDI

# *Leikurinn er prófsteinn fyrir okkar lið*





Þjálfarinn Leo Beenhakker og fyrirliðinn Dwight Yorke eru sammála um að vináttuleikurinn gegn Íslandi í dag sé mun mikilvægari en margir vilja halda og að hann sé í raun fyrsta skref Trínidad & Tóbagó í undirbúningi liðsins fyrir HM í sumar. Blaðamannafundurinn sem liðið hélt á hóteli sínu í London í gær var vel sóttur af enskum blaðamönnum sem vildu aðeins vita um væntanlegan leik liðsins gegn Englandi á HM í sumar. En Beenhakker vildi litlu svara um þann leik.

„Ég og leikmennirnir hugsum lítið um leikinn gegn Englandi. Við horfum styttra fram í tímann og hugsum um næsta leik, sem er á morgun [í dag] gegn Íslandi. Þetta er síðasti leikur okkar áður en formlegur undirbúningur HM hefst svo að þetta er síðasta tækifæri margra leikmanna til að sanna sig. Það er mikið undir," sagði Beehnakker.

Yorke sagði leikmenn landsliðsins spennta fyrir leiknum gegn Íslandi. „Það skiptir máli að ná góðum úrslitum, vinna sigur og venja okkur leikmennina við þá tilfinningu hvernig það er að sigra. Leikstíll íslenska liðsins svipar til þeirra liða sem eru með okkur í riðli á HM og verður leikurinn því ákveðin prófraun fyrir okkar lið fyrir það sem koma skal á HM," sagði Yorke jafnframt og bætti því við að enginn vafi léki á því að Eiður Smári Guðjohnsen væri lykilmaður íslenska liðsins. „Íslenska liðið er gott, skipað duglegum og sívinnandi leikmönnum þar sem Eiður Smári er í fararbroddi. Hann er hjá Chelsea og þar spila aðeins frábærir leikmenn," sagði Yorke sem vildi aðspurður ekkert segja um hvort hann teldi að Eiður Smári kæmist í byrjunarlið Man. Utd í dag. „Það er ekki mitt að svara en hann er magnaður leikmaður."

## > Alda Leif og Hlynur í stjörnuleikjum

Alda Leif Jónsdóttir skoraði tvö stig í stjörnuleik hollenska körfuboltans um helgina en liðið hennar vann leikinn. Alda fékk lítið að spila og stigin tvö komu úr hennar eina skoti í leiknum. Hlynur Bæringsson spilaði karlaleikinn og stóð sig ágætlega.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

25 26 27 **28** 1 2 3

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **HK** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 19.00 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 19.30 **Ísland gegn Trínidad & Tóbagó** á Sýn. Bein útsending.
- 21.40 **Destination Germany** á Sýn.
- 23.35 **Ísland gegn Trínidad & Tóbagó** á Sýn. Endursýning.



**NÝR MAÐUR Í BRÚNNI** Eyjólfur Sverrisson sést hér stýra æfingu hjá íslenska liðinu í gær. Eyjólfur ætlar sér sigur í sínum fyrsta leik sem landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stærstu breytingarnar eru í varnarleik liðsins

**Það munar tæpum 50 sætum á Íslandi og Trínidad á FIFA-listanum. Samt sem áður telur landsliðsþjálfarinn, Eyjólfur Sverrisson, að íslenska liðið sé alls ekki síðra. Eyjólfur segir að það verði leikið til sigurs í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson stjórnar íslenska landsliðinu í knattspyrnu í fyrsta sinn í kvöld þegar það tekur á móti Trínidad og Tóbagó á Loftus Road í London. Eyjólfur segir engar róttækar breytingar á leik íslenska liðsins væntanlegar en með nýjum þjálfara felist að sjálfsögðu einhverjar breytingar. „Það eru ákveðnir hlutir í varnarleiknum sem ég vil breyta og tengjast þær breytingar færslum leikmanna í vörninni. Við ætlum þó ekki að leggja ofuráherslu á vörnina á morgun og munum sækja af krafti og ákveðni. Samt vil ég halda hreinu," sagði Eyjólfur við Fréttablaðið í gær.

Íslenska liðinu verður stillt upp í leikkerfið 4-4-2 á morgun en endanlegt byrjunarlið verður ekki gefið upp fyrr en síðdegis í dag.

„Þá verður annar framherjinn í því hlutverki að koma niður og sækja boltann á meðan hinn verður uppi á toppi," segir Eyjólfur sem gerir fastlega ráð fyrir því að þessir tveir framherjar verði Eiður Smári Guðjohnsen og Heiðar Helguson. Líklegt er að Ívar Ingimarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson komi beint inn í byrjunarliðið en mesta spennan felst í hvort Grétar Steinsson muni spila á hægri kantinum eða í stöðu bakvarðar og þá hvaða leikmenn verða notaðir á köntunum.

„Þessi leikur er sérstakur að því leyti að bæði lið eru að leggja tiltölulega litla áherslu á að kortleggja andstæðingana. Ég er að stjórna liðinu í fyrsta sinn og er að innleiða það skipulag sem ég vil hafa á meðan Trínidad er að undirbúa sig fyrir HM í sumar. Við vitum lítið um þá og ég held að þeir viti lítið um okkur," segir Eyjólfur en hann hefur horft á upptöku af einum leik með lið Trínidad og Tóbagó.

„Þeir eru léttleikandi og teknískir en um leið með stóra menn inn á milli. Þeir eru agaðir í vörninni og fá ekki á sig mikið af mörkum en í sókninni er Dwight Yorke þeirra aðalmaður. Það á helst allt að fara í gegnum hann," segir Eyjólfur sem mun þó ekki ætla að setja mann honum til höfuðs í leiknum. „Nei, fyrst og fremst ætlum við að hugsa um okkur sjálfa, finna okkar takt og vona að það skili okkur góðum leik.



ÍSLAND - TRÍNIDAD

**VIGNIR GUÐJÓNSSON**
*skrifar frá London.*
vignir@frettabladid.is



**STEMNING** Það var létt yfir strákunum á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heiðar Helguson:

## Fá Baug til að fjárfesta

**FÓTBOLTI** „Það er mjög gott að spila leikinn hér í London," sagði Heiðar Helguson, framherji íslenska liðsins og Fulham í Englandi, en hann flaug til móts við landsliðið í gær en hann spilaði með Fulham gegn Bolton á sunnudag. „Það væri fínt að hafa þetta alltaf svona. Bara að fá Icelandair til að ferja áhorfendur á góðu verði. QPR er að mér skilst í einhverjum peningavandræðum svo það er örugglega hægt að breyta „Loftus Road" í „Laugardalsvöllinn". Svo er líka hægt að fá Baug til að kaupa dæmið," sagði Heiðar og brosti en sjálfur býr hann í nágrenni London.

Heiðar sagðist við Fréttablaðið vera svolítið stirður eftir leikinn en að hann yrði orðinn góður fyrir leikinn í kvöld. - vig



**FYRIRLIÐINN** Eiður Smári mun væntanlega spila mikið í kvöld.FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forráðamenn Chelsea:

## Báðu ekki um hvíld fyrir Eið

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson sagði við Fréttablaðið í gær að engin óformleg beiðni hefði borist til hans frá Jose Mourinho eða öðrum forráðamönnum Chelsea um að láta fyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen helst komast hjá því að spila allan leikinn. Framundan eru mikilvægir leikir hjá Chelsea, meðal annars síðari leikurinn gegn Barcelona í Meistaradeildinni. Slíkar beiðnir eru tíðar þegar um leikmenn hjá stærstu liðum heims er að ræða, en landsliðsþjálfurum ber engin skylda til að svara slíkri beiðni.

„Eiður Smári spilaði hálftíma í deildinni um helgina og við erum ekki að æfa mikið svo að það er ekki hægt að segja að þetta sé mikið álag. Ég reikna því ekki með því að sú beiðni komi," sagði Eyjólfur og glotti. - vig

Spilað á velli QPR:

## Gamall en glæsilegur völlur

**FÓTBOLTI** Leikur Íslands og Trínidad og Tóbagó í kvöld mun fara fram á Loftus Road í London, heimavelli hins fornfræga félags Queens Park Rangers, sem nú leikur í ensku 1. deildinni. Leikvangurinn tekur rétt um 19 þúsund manns í sæti.

Leikvangurinn var byggður árið 1904 og er einn af elstu og sögufrægustu leikvöngum á Englandi.

Fjölmiðlar hvaðanæva úr heiminum eru í London:

# Mikill áhugi fyrir liði Trínidad

**FÓTBOLTI** Fjölmargir blaða- og sjónvarpsmenn fylgdust með æfingu landsliðs Trínidad og Tóbagó í gær og mættu á blaðamannafund liðsins um hádegið. Enskir fjölmiðlar sýna liðinu mikinn áhuga, einkum vegna þess að Trínidad & Tóbagó er með enska landsliðinu í B-riðli heimsmeistarakeppninar í Þýskalandi í sumar. Á fundinum voru blaðamenn frá Sky, BBC auk annarra af stærstu miðlum Bretlands. Þá voru hollenskir heimildarmyndagerðarmenn að fylgjast með Beenhakker, sænskir blaðamenn voru á staðnum þar sem Svíþjóð er einnig í B-riðlinum á HM, að ógleymdum fjölmiðlamönnunum frá Trínidad og Tóbagó.



**FJÖLDI** Fjölmennt var á blaðamannafundi landsliðs Trinidad. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leo Beenhakker, þjálfari Trínidad og Tóbagó, var ítrekað spurður að því hvort hann hefði áhuga á því að taka við enska landsliðinu en hann er þekktur þjálfari sem m.a. hefur stjórnað Real Madrid og hollenska landsliðinu í sinni þjálfaratíð. Þá hefur Jack Warner, formaður knattspyrnusambands Trínidad og einn af varaformönnum FIFA, verið sterklega bendlaður við miðabrask fyrir leiki Trínidad á HM og hafa margir farið fram á afsögn hans hjá FIFA. Warner sat fyrir svörum á fundinum og hélt því staðfastlega fram að hann hefði ekki gert neitt rangt.

Svo má ekki gleyma fyrirliðanum Dwight Yorke, fyrrum leikmanni Man. Utd., sem spilar með Sydney FC í Ástralíu.

Þar í landi er tímabilið senn á enda og sagði Yorke að það væri möguleiki á að hann myndi spila á Englandi fram að HM. „Það er mikilvægt að vera í formi þegar HM hefst. Það er verið að vinna í ákveðnum málum fyrir mig hér sem gætu farið að skýrast á næstu vikum. Það væri mjög gaman að spila aftur á Englandi í smá tíma í vor," sagði Yorke. - vig

Það verður tómlegt á Loftus Road í kvöld:

# Von á 500 Íslendingum

**FÓTBOLTI** Búist er við því að áhorfendur á landsleik Íslands og Trínidad og Tóbagó í dag verði einhvers staðar á bilinu 1.500-3.000 manns sem áætla má að flestir muni styðja landslið Trínidad & Tóbagó, en fjölmargir ríkisborgarar landsins eru búsettir í nágrenni London.

Samkvæmt upplýsingum frá KSÍ seldust um 300 miðar í forsölu á leikinn, flestir til Íslendinga sem eru búsettir í London eða í nágrenni höfuðborgarinnar, en þó má búast við því að slatti af miðum seljist fyrir utan völlinn á leikdag. Upplýsingafulltrúi Trínidad og Tóbagó tjáði Fréttablaðinu að allt að 2.500 manns gætu mætt á völlinn til að styðja þeirra lið en í þeim tölum fælist þó ákveðin bjartsýni.

Þess má geta að knattspyrnusamband Trínidad sótti um og fékk í kjölfarið sérstakt leyfi hjá yfirvöldum Loftus Road um að fá að taka hljóðfæri með í áhorfendastúkurnar. Helsti stuðningsmannakjarni landsliðsins er þekktur fyrir mikinn bumbuslátt. Það verður því sannkölluð Mið-Ameríkustemning á pöllunum á leiknum í kvöld. - vig



**LOFTUS ROAD** Verður hálftómur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Hermann Hreiðarsson segir leikinn í kvöld marka nýtt upphaf hjá landsliðinu:
# Hópurinn aldrei verið sterkari

**FÓTBOLTI** „Með nýjum þjálfara koma nýjar áherslur svo að þetta er vissulega aðeins frábrugðið því sem áður var. En andinn í hópnum er sá sami. Þetta eru sömu vitleysingarnir sem eru í hópnum og sama stemningin en mesta breytingin finnst mér fólgin í því að undankeppni HM er afstaðin og nú tekur annað við,“ sagði varnarmaðurinn Hermann Hreiðarsson í gær, spurður um hvort það væri mikið öðruvísi að vera undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar sem landsliðsþjálfara.

Hermann telur að nokkuð þungu fargi hafi verið létt af íslenska hópnum þegar undankeppni HM lauk og segir að leikurinn gegn Trínidad í kvöld marki upphafið að nýju tveggja ára skeiði íslenska liðsins sem felst í undankeppninni fyrir EM.

„Við vorum ekki ánægðir með útkomuna úr undankeppni HM – við spiluðum ágætis bolta en töpuðum alltaf. Þessu ætlum við að reyna að breyta,“ segir Hermann sem fullyrðir að hópurinn hjá landsliðinu í dag hafi sjaldan eða aldrei verið sterkari. „Ég held að ég þori alveg að fullyrða það ef litið er á pappírinn. Við erum flestir að spila reglulega með liðum okkar í toppdeildum á Englandi, Hollandi, Noregi, Svíþjóð og fleiri löndum og þessi hópur núna hefur verið saman í nokkurn tíma eftir ákveðna uppstokkun fyrir tveimur árum. Það þarf að slípa liðið saman, það er ekki spurning, en hópurinn lofar góðu,“ segir Hermann og bætir því við að leikurinn í kvöld marki í raun nýtt upphafi.



**Í SVIÐSLJÓSINU** Hermann Hreiðarsson sést hér í viðtali við Sky-sjónvarpsstöðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Nú byrjum við aftur á núlli. Ný keppni framundan og nýr þjálfari og allir möguleikar fyrir hendi. Við erum að fara að keppa á móti liði sem er að fara á HM og þangað komast aðeins góð lið. Ég á því von á hörkuleik,“ sagði Hermann sem spilaði nokkrum sinnum gegn Dwight Yorke á sínum tíma. „Hann er frábær leikmaður í sínu besta formi og erfiður að eiga við en við teljum okkur geta haldið honum niðri.“

- vig



**KULDASKRÆFUR** Blaðamennirnir frá Trínidad voru vel klæddir á æfingu liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Blaðamenn frá Trínidad:
## Ekki vanir svona kulda

**FÓTBOLTI** Blaðamaður Trinidad & Tobago Express, sem er stærsta dagblaðið þar í landi, fylgist grannt með undirbúningi landsliðsins fyrir leikinn gegn Íslandi og hefur verið að birta stórar greinar í sínum miðli þar sem ítarlega er greint frá æfingum liðsins og andrúmsloftinu í landsliðshópnum.

En eins og margir leikmanna liðsins er blaðamaðurinn ekki vanur veðráttunni í London en þar hefur veðrið undanfarna daga verið keimlíkt því sem hefur verið á Íslandi upp á síðkastið, hitastig rétt yfir frostmarki og stillt veður. „En sem betur fer klæðast landsliðsmennirnir sérsaumuðum æfingatreyjum frá Adidas sem héldu mönnum frá því að krókna,“ segir m.a. í blaðinu. Þess má geta að meðalhitinn í Trínidad á þessum árstíma er í kringum 30 gráður, reyndar eins og hann er nánast allt árið um kring.

- vig

## KSÍ gerir nýja samninga:
## Alltaf að hugsa stórt

**FÓTBOLTI** KSÍ gerði í gær samninga til fjögurra ára við sjö fyrirtæki undir yfirskriftinni Alltaf í boltanum með KSÍ. Samningarnir hljóða upp á 250 milljónir íslenskra króna sem skiptist jafnt á milli fyrirtækjanna. Fyrirtækin eru Landsbankinn, Mastercard, Vífilfell, Icelandair, OgVodafone, VÍS og Íslenskar getraunir. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, segir að samningurinn brjóti blað í íslenskri íþróttasögu.

„Þetta er nýtt skref í samningum sambanda við fyrirtæki, þá á ég ekki bara við KSÍ heldur íþróttahreyfinguna í heild sinni. Þetta sýnir það fyrst og fremst að þau fyrirtæki sem hafa verið með okkur undanfarin ár eru ánægð með samstarfið líkt og við erum. Þetta byggist á gagnkvæmum skilningi,“ sagði Eggert.

- hþh



**MÆTTUR AFTUR** Það var létt yfir Ívari á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ívar Ingimarsson:
## Loftus Road er gryfja

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson segir að andrúmsloftið í íslenska liðinu sé mjög gott, en hann er kominn í hópinn að nýju eftir eins og hálfs árs fjarveru. „Mér líst mjög vel á þetta og ég hlakka mikið til leiksins,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær.

Ívar leikur með Reading í ensku 1. deildinni og hefur spilað gegn QPR á útivelli í vetur, en það spilar heimaleiki sína á Loftus Road. „Þetta er þrusuvöllur og sérstakur að því leyti að áhorfendur eru gríðarlega nálægt. Þegar völlurinn er fullur eru áhorfendurnir nánast ofan í þér og þetta verður mikil gryfja. Svo að ef það verður góð mæting á völlinn ætti að geta myndast góð stemning,“ segir Ívar.

- vig



**FERSKUR** Eyjólfur þjálfari lék á als oddi á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þreyttir landsliðsstrákar:
## Æfðu ekki á Loftus Road

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið æfði ekki á Loftus Road í gær og var þess í stað kosið að hafa síðustu æfinguna fyrir leikinn á æfingasvæðinu sem íslenska liðið hefur verið á frá því á sunnudag. Að sögn Eyjólfs Sverrissonar landsliðsþjálfara var þetta ákveðið vegna fjarlægðarinnar frá hótelinu að leikvanginum, en það er um klukkustundar langur akstur.

„Fram og til baka gerir það tvo tíma sem er langur tími og þreytandi. Við erum þrjár mínútur að æfingasvæðinu og töldum að það væri alveg nóg. Þess vegna afþökkuðum við æfinguna á Loftus,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið.

- vig




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I haven't been on my treadmill for weeks. 572 weeks – that's 11 years.“**

**Svar:**
Larry Limpton í kvikmyndinni Manhattan Murder Mystery árið 1993.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR **FYLGIST MEÐ AMERÍSKA IDOLINU**

## Rembingur og tilgerðarlegar krúsídúllur

Hef aldrei fylgst með hinu ameríska Ídoli, hvað þá hinu íslenska en ákvað að í þetta sinn skyldi ég vita hvað fússið snerist um. Eftir að við kærastinn höfðum fylgst með nokkrum útsláttarþáttum og hlegið að rammfölskum Könum áttum við allt í einu eftirlætiskeppanda. Ég man ekki hvað hann heitir, ekki er áhuginn það mikill, en hann er vel gráhærður og talar með suðurríkjahreim. Slær sér á læri þegar hann syngur og skekur líkamann í furðulegum dansi okkur til mikillar ánægju.

Vegna þessa nýtilkomna áhuga ákvað ég á sunnudaginn að horfa á Ameríska Idolið og fylgjast með mínum manni. Píndi mig í gegnum fjölmörg atriði þar sem stúlkur í þættinum komu sínum lögum misvel til skila með tilgerðarlegum krúsídúllum og rembingi í anda margra söngkvenna frá Ameríkunni. Komst svo að því allt of seint að um var að ræða sérstakan kvennaþátt þar sem enginn karlmaður myndi fá að stíga á stokk. Kærastinn hneykslaðist mikið á mér þar sem ég sat undir hverju Celine Dion-laginu á fætur öðru. Píndi mig samt sem áður til að horfa á píurnar til að ég myndi vita hver væri hvað í næstu þáttum. Bíð svo spennt eftir næsta þætti sem hlýtur að vera tileinkaður karlpeningnum í þættinum.

Það vakti athygli mína hversu hrikalega illa klæddir keppendurnir voru og ég er ekki frá því að stílistarnir í íslenska Idolinu séu að standa sig betur miðað við þær myndir sem ég hef séð. Ætla þó ekki að byrja að horfa á þá aulahrollsframleiðslu sem sá þáttur hefur hingað til verið í mínum huga og held mig við Celine Dion-tískuslysin í hinu ameríska.



**AMERÍSKA IDOLIÐ** Síðasti þáttur var tileinkaður konunum og þar sungu þær með miklum krúsídúllum og tilheyrandi.



▶ 21.15 *Lífstíll*

GRÆNA HERBERGIÐ



▶ 21.35 *Spenna*

PRISON BREAK



▶ 21.30 *Spenna*

REUNION



▶ 21.00 *Lífstíll*

INNLIT / ÚTLIT



▶ 19.30 *Fótbolti*

ÍSLAND – TRINIDAD OG TOBAGO

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (24:25) **18.25** Tommi togvagn (18:26)

**18.30 Gló magnaða (40:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Veronica Mars (22:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
▶ **21.15 Græna herbergið (1:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (9:10)** (Spooks)

**23.20** Kastljós **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (8:18)

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Veggfóður (4:17) **13.45** The Guardian (22:22) **14.30** LAX (9:13) **15.15** Amazing Race 5 (2:13) (e) **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.10** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15 (e)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (28:31)** (Mörk óttans 5) (Fear Factor 5)
**20.50 Las Vegas** (Viva Las Vegas) Í upphafi þessarar þriðju þáttaraðar er Ed Deline (James Caan)í kapphlaupi við klukkuna um að láta ljúka framkvæmdum við endurbætur á spilavítinu fyrir þann tíma sem nýi stjórinn hefur fyrirskipað og grunar hann að nokkrir iðnaðarmenn ætli sér að fremja rán.
▶ **21.35 Prison Break (5:22)** (Bak við lás og slá) (English, Fitz Or Percy)
**22.20 My Life in Film (2:6)**
**22.50 Twenty Four (5:24)** (24 )

**23.35** Nip/Tuck **0.20** Half Past Dead (Stranglega bönnuð börnum) **1.55** Conviction (Stranglega b.b.) **3.35** Sniper 2 (Stranglega b.b.) **5.05** The Simpsons 15 **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (7:24) (e)** (Stole Beer From A Golfer)
**20.00 Friends (8:24)** (Vinir 7)(The One Where Chandler Doesn't Like Dogs)
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.P>
▶ **21.30 Reunion (7:13)** (1992)Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra.
**22.20 Supernatural (3:22)**

**23.05** Laguna Beach (11:17) **23.30** Fabulous Life of (11:20) **0.00** Friends (8:24) **0.25** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.15** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 10. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House** Bresku kjarnakonurnar Aggie MacKenzie og Kim Woodburn eru komnar vestur um haf og ætla að reyna að taka til í skítugustu húsunum í Bandaríkjunum.
**20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur á SkjáEinum. Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan kenna fólki að lifa eftir 10 grunnreglum í mataræði.
▶ **21.00 Innlit / útlit** Nadia, Þórunn og Arnar Gauti leiða áhorfendur í allan sannleika um það nýjasta í hönnun.
**22.00 Close to Home**
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette World Sport 2006** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.00 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
▶ **19.3 Ísland – Trinidad og Tobago** (Ísland – Trinidad og Tobago)(Vináttuleikur í London)Bein útsending frá landsleik Íslands og Trinidad & Tobagosem fer fram á Loftus Road í London.P>
**21.40 Destination Germany** (Germany + Australia)Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næstasumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.
**22.10 World Supercross GP 2005-06**

**23.05** Ensku mörkin **23.35** Ísland – Trinidad og Tobago

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Pursuit of Happiness **8.00** A Walk to Remember **10.00** Kissed by an Angel **12.00** Men With Brooms **14.00** Pursuit of Happiness **16.00** A Walk to Remember **18.00** Kissed by an Angel **20.00 Men With Brooms** (Sópað til sigurs) **22.00 Birthday Girl** (Afmælisstelpa) John hefur ekki haft heppnina með sér í kvennamálum. En þá dettur honum í hug að panta sér eiginkonu eftir auglýsingu. Bönnuð börnum. **0.00** White Oleander (Bönnuð börnum) **2.00** Hi-Life (Bönnuð börnum) **4.00** Birthday Girl (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Usher Uncut **15.00** Matthew McConaughey Uncut **16.00** 50 Biggest Celebrity Break-Ups **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Chelsea – Portsmouth 25.02 **16.00** Tottenham – Wigan frá 25.02 **18.00** Þrumuskot (e)
**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 Bolton – Fullham**
**22.00 Blackburn – Arsenal frá 25.02**
**0.00** Liverpool – Man. City frá 26.02 **2.00** Dagskrárlok


RENAULT

Með allskonar fíneri sem hinir hafa ekki



Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 2.290.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 24.238 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Renault Megane II Scenic Grand 7manna, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Las Vegas — Stöð 2, kl. **20.50**

### *Þriðja þáttaröðin um lífið á Montecito spilavítinu*

Þriðja sería af Las Vegas hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Lífið gengur sinn vanagang á Montecito spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. Í upphafi þessarar þriðju þáttaraðar er Ed Deline (James Caan) í kapphlaupi við klukkuna um að láta ljúka framkvæmdum við endurbætur á spilavítinu fyrir þann tíma sem nýi stjórinn hefur fyrirskipað. Stjórinn er hún, heitir Monica Mancuso (Lara Flynn Boyle) og er aldeilis hörð í horn að taka. Ed reynir á meðan að telja starfsfólk sitt, Danny og aðra í öryggisvörslunni, á að hætta ekki í spilavítinu, sérstaklega í ljósi þess að hann grunar að nokkrir iðnaðarmenn ætli sér að fremja rán.

*Ed Deline þarf að leysa mörg vandamál til að halda spilavítinu gangandi.*



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | | | | 6 |
| 3 | 1 | 9 | | | | | 5 | 4 |
| | | | | | 4 | | 2 | |
| | | | | 6 | 2 | | 8 | |
| | | | 7 | | 8 | | | |
| | 5 | | 9 | 3 | | | | |
| | 7 | | 8 | | | | | |
| 8 | 9 | | | | | 3 | 6 | 2 |
| 2 | | | | | | 1 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 3 |
| 9 | 6 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 5 |
| 2 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



**7.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hve glöð er vor æska **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.40** Heinrich Heine – blíða og berserksgangur **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Ú va La ibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fá hjónin Ragnar Kjartansson og Ásdís Sif Gunnarsdóttir fyrir skemmtileg myndlistarnámskeið fyrir ungt fólk þar sem þau blanda saman tónlist og myndlist.*

## FJÓRIR SPURÐIR KVIKMYNDIN BLÓÐBÖND VAR FRUMSÝND Á FÖSTUDAGSKVÖLD

# *Hvernig fannst þér myndin?*



**Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona**

„Mér fannst þetta yndisleg mynd, henni var einstaklega vel leikstýrt. Gaman að sjá íslenska mynd sem gengur út á tilfinningar og mismunandi viðbrögð fólks við erfiðum aðstæðum. Leikararnir stóðu sig allir voðalega vel.“



**Friðrik Erlingsson rithöfundur**

„Mér fannst hún í stuttu máli sagt stórkostleg. Þetta er svolítið svona loksins komin íslensk kvikmynd þar sem maður gleymir hvað leikarinn heitir og upplifir karakterinn. Það er það besta sem hægt er að segja um kvikmynd.“



**Bryndís Bjarnadóttir mannréttindafræðingur**

Ég var óskaplega ánægð með myndina. Mér fannst hún mannleg, dramatísk og vel leikin. Hinn áreynslulausi leikur kom vel út ásamt flottri myndatöku. Mér fannst allir leikararnir standa sig prýðilega vel.“



**Vigdís Gunnarsdóttir leikkona**

Ég var mjög hrifin af þessari mynd. Leikstjórinn vissi alveg hvað hann vildi fá út úr leikurunum. Þetta er mynd sem er ekkert að reyna að vera meira en hún er. Ég gleymdi mér alveg í sögunni.“



**LÁRÉTT**
**2** skriða **6** tveir eins **8** forsögn **9** flan **11** fyrir hönd **12** ofan á brauð **14** gorta **16** ætíð **17** undir þaki **18** tunnu **20** grískur bókstafur **21** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1** dreifa **3** í röð **4** mikill ávinningur **5** lík **7** fjarskiptatæki **10** sæti **13** síðasti dagur **15** heimsálfa **16** aum **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** hrun, **6** tt, **8** spá, **9** ras, **11** pr, **12** álegg, **14** stæra, **16** sí, **17** ris, **18** ámu, **20** pí, **21** rauf. **LÓÐRÉTT:** **1** strá, **3** rs, **4** uppgrip, **5** nár, **7** talsíma, **10** set, **13** gær, **15** asía, **16** sár, **19** uu.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Barnaverndarstofu.
2. Nýja-Delí.
3. Stjarnan.




FRÉTTABLAÐIÐ


## SKÚLI ÖRN SIGURÐSSON: HITTI ÁTRÚNAÐARGOÐIÐ EFTIR TÓNLEIKA Á WEMBLEY

# Fraus fyrir framan Bono

Margir eiga sér átrúnaðargoð en aðeins örfáir fá tækifæri til að hitta þau einhvern tímann á lífsleiðinni.

Útvarpsmaðurinn og U2-aðdáandinn Skúli Örn Sigurðsson er einn af þessum fáu útvöldu því fyrir nokkrum árum hitti hann meðlimi sveitarinnar að loknum eftirminnilegum tónleikum á Wembley fyrir framan áttatíu þúsund manns.

Átti hann stutt spjall við söngvarann Bono, sem hefur alla tíð verið í sérstöku uppáhaldi hjá honum. „Ég er búinn að eiga Bono sem átrúnaðargoð í fleiri, fleiri ár og að sjá hann í fyrsta skipti var eins og að fara í Disneyworld fyrir fimm ára krakka því þetta var þvílík upplifun fyrir mig,“ segir Skúli Örn. „Þetta er eins og ef pabbi hefði séð Lennon eða John Fogerty.“




**ALVÖRU AÐDÁANDI** Skúli Örn Sigurðsson við Bono-númeraplötuna sem hann fékk að gjöf fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skúli segist hafa beðið í þrjá klukkutíma fyrir framan Wembley til að berja goðin sín augum. „Til að sýna hvað maður er klikkaður þá vildi ég fullvissa mig um allar undankomuleiðir. Ég rölti hringinn í kringum völlinn en það var voðalítið að gerast. Síðan sá ég fjórar til fimm svartar límósínur fyrir utan inngang og það var einhver mannskapur að hrúgast þar að. Það gaf vel til kynna að þeir ætluðu að koma þarna út og ég beið þarna áfram með öðru fólki. Síðan skömmu seinna fóru þeir að girða svæðið að með litlum járngrindverkum og þá birtist Larry Mullen Jr. [trommuleikari U2] og fer að raða þeim sjálfur. Hann var rólegur á því og mjög töff,“ segir Skúli Örn sem notaði tækifærið og fékk eiginhandaráritun hjá kappanum.

„Skömmu seinna kemur Paul McGuinness, umboðsmaður U2, sem hefur fylgt þeim frá byrjun og sagði að strákarnir væru inni og væru væntanlegir fljótlega. Síðan kemur The Edge [gítarleikari] með kúrekahatt og brosandi út í eitt. Hann gaf hverjum einasta manni eiginhandaráritun og síðan var það punkturinn yfir i-ið þegar hann kemur sjálfur, meistarinn út. Hann tók stökk og „pósur“ og kom fram með miklum töfraskap. Hann vildi ekki gefa áritanir, heldur vildi frekar ræða við fólkið,“ segir Skúli, sem var þarna orðinn ansi spenntur eins og gefur að skilja.

„Hann rölti hringinn og kinkaði til fólksins og spjallaði við það og þá varð ég voða æstur og hrópaði og kallaði til hans. Ég sá að hann gjóaði augunum til mín og síðan rölti hann beint til mín og rétti út höndina og hneigði sig. Ég myndi bregðast öðruvísi við núna en ég vissi ég allt um U2 en datt ekki í hug nein spurning til að spyrja hann. Ég svaraði bara já og nei og sá að hann beið eftir að ég myndi koma með spurningar, en ég var frosinn eins og asni,“ segir Skúli og bætir því við að Bono hafi verið mjög vingjarnlegur. „Hann þakkaði kærlega fyrir og maður fann að hann bar rosamikla virðingu fyrir aðdáendum sínum.“

Skúli hefur nagað sig mjög í handarbökin fyrir að hafa ekki náð að smella ljósmynd af goðinu. „Ég hafði tekið með mér einnota myndavél fyrir tónleikana og tók þrjátíu myndir, hver annarri lélegri. Svo mætir kallinn og þá var filman í myndavélinni búin. Þetta hefði verið gott kódak móment. Ég sá svo á eftir þeim aka í burtu hver í sinni limmu.“

Skúli ekur um á bíl með númeraplötunni Bono, sem hann fékk gefins fyrir þremur árum. Hann segir meira spunnið í þennan smáa en knáa söngvara en flesta aðra kollega hans. „Það sem mér finnst flott við hann er að hann er að styðja rosalega gott málefni. Hann er svolítið framhald af Lennon finnst mér í dag. Ég ber mikla virðingu fyrir svona mönnum.“

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndahátíðinni **Icelandic Film Festival**, sem sló öll met á vormánuðunum í fyrra, hefur verið frestað fram á haust. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti forsvarsmönnum hátíðarinnar vera of stutt á milli hátíða en eins og margir muna kom **Quentin Tarantino** hingað á Októberbíófest á vegum sömu aðila og frumsýndi **Hostel** við mikinn fögnuð viðstaddra. Vitað er þó að vegna þessa mun hátíðin í haust vera með stærra móti og ætla aðstandendur að tjalda öllu til. Í fyrra mættu þeir **Walter Salles** og **Gael Garcia Bernal** til að vera viðstaddir frumsýningu myndarinnar **Mótorhjóladagbækur** en ráðgert er að fá enn stærri nöfn til landsins og frumsýna enn stærri myndir. Kvikmyndaáhugamenn landsins geta því byrjað að láta sig hlakka til veislunnar sem framundan er.



Landið verður væntanlega sótt af stjörnum og mektarfólki utan úr heimi eins og vaninn er þó vissulega sýnist sitt hverjum um gæði þessara gesta. **Chippendales** - dansararnir yrðu væntanlega settir undir flokkinn „vafasamir heiðursgestir“ en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins munu sjö íturvaxnir dansarar úr þessum heimsfræga strípiflokk ætla að trylla kvenþjóðina á næstunni. **Eddie Izzard** er einnig væntanlegur aftur en þessi breski grínari er af mörgum talinn einn fyndnasti maður heims. Ef einhver gæti skákað honum væri það **Ricky Gervais** en nú er róið að því öllum árum að fá hann hingað til lands að skemmta. Þetta væri að sjálfsögðu hvalreki á fjörur grínunnnenda enda Gervais einn eftirsóttasti gamanleikari heims um þessar mundir en hann er heilinn á bak við þáttaraðirnar **The Office** og **Extras**. - fgg






# Kapphlaup við Engil dauðans

Þráinn Bertelsson sló í gegn með minningabók sinni Einhvers konar ég árið 2003 og er nú byrjaður á framhaldi hennar sem gengur undir nafninu Ýmiss konar ég. Það er óhætt að segja að hann sitji sveittur við skriftir um þessar mundir þar sem hann var áður byrjaður á sakamálasögu með vinnuheitinu Engill dauðans.

Þetta þýðir þó ekki að aðdáendur Þráins fái tvöfaldan skammt af honum í næsta bókaflóði. „Ég er nú ekki nógu afkastamikill til til þess að geta gefið út tvær bækur samtímis, enda væri engin glóra í því,“ segir Þráinn. „Sú bók sem ég klára fyrst kemur út á undan. Það er svo óspennandi starf að sitja á óæðri endanum og þreifa á lyklaborði alla daga þannig að þetta kapphlaup hleypir smá spennu í líf mitt.“

Þráinn segir Einhvers konar ég standa nær skáldsögu en ævisögu þó að hún fjalli um raunverulega atburði. „Ég sé þetta fyrir mér í þremur bókum sem er það sem bókmenntafræðingar kalla trílógíu, eða þríleik, og er rosalega fínt.“

Þráin gerir ráð fyrir að verkið í heild sinni muni spanna eina mannsævi þar sem hann leggur lífshlaup sitt til grundvallar. „Fyrsta bindi lýkur þegar eitt stykki fullorðinn karlmaður, 20 ára að aldri, gengur út af færibandinu til móts við lífið. Næsta bók fjallar þá vonandi um næstu 40 ár, sem er það sem við köllum normal starfsævi þar sem þessi tiltekni karlmaður leitar að tilgangi og glímir við spurninguna um hver sendi hann hingað og til hvers.“ - þþ



**ÞRÁINN BERTELSSON** „Einhvers konar ég fer í það að lýsa því hvernig eitt stykki manneskja verður til á ákveðnum stað á plánetunni, á ákveðnum tíma og rúmi,“ segir Þráinn sem vinnur að framhaldi þessarar vinsælu bókar.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
2 g créme/krem
Vnr 39 97 82
Vectavir 1%
penciclovir.
Vectavir á frunsuna
Handhæg vörn, þægileg í veskið.
Fæst án lyfseðils!
Viltu losna við frunsuna?
Vectavir verkar frá byrjun einkenna.
Vectavir verkar einnig á blöðrur.
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.
Vectavir ... í veskið!
Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Verðmæta-matið*

Níutíu þúsund kall fær nýliði í slökkviliðinu útborgaðan í grunnlaun um mánaðamót. Hann hefur þá gengið í gegnum þjálfun til að geta fyrirvaralaust stokkið í gallann og vaðið eld og reyk fyrir okkur hin. Hann er tilbúinn til að sækja meðvitundarlaust fólk inn í logandi hús – þjálfaður til að mæta aðstæðum sem við í okkar daglega amstri getum vart gert okkur í hugarlund. Auk þess kemur hann kallaður innan örfárra mínútna ef við þurfum á sjúkrabíl að halda í skyndi og þar skipta mínútur oft sköpum. Hann æfir linnulaust til að koma til bjargar á erfiðustu stundum lífsins. Níutíu þúsund kall útborgaður í grunnlaun.

**NÝVERIÐ** tók þessi þjóð umræðuna um laun leikskólakennara og flestir voru sammála um að reyna að halda þeim hópi af götunni og tosa mannskapinn upp fyrir hungurmörkin – hvernig sem það hefur þó lukkast. Á sama tíma þurfa aldraðir að skilja að borði og sæng á ævikvöldinu vegna húsnæðiseklu.

**EF** verðbréfasali, stjórnmálamaður og forstjóri strönduðu snekkju sinni á eyðieyju og dönsk þyrla með íslenskri björgunarsveit lenti þar á ströndinni gætu björgunarmenn kannski spurt glópana hver hin eiginlegu verðmæti væru. Myndu strandaglóparnir þá nefna bréfin í Aktavís og KB, einkavæðingu bankanna, stóriðjuna, virkjanirnar, útrásina, rússneska bjórinn og EES? Það er ólíklegt – og ef þeir gerðu það væri freistandi að skilja þá eftir. Nei, þeir myndu nefna börnin, fjölskylduna og heimilið. Þeir myndu nefna öryggið og heilsuna og kannski biðja um matarbita líka.

**ÞÓ** er það nú svo að flestir sem starfa við að tryggja þetta öryggi, hlúa að börnum, grípa inn í þegar heilsan gefur sig og vaða inn í logandi byggingar eru á mánaðarlaunum sem jafngilda launum verðbréfasalans fyrir hádegi á þriðjudegi. Öfugsnúið verðmætamat er gömul saga og ný og ekki líður á löngu þar til eina leiðin til að hafa þetta lykilfólk á mannsæmandi launum verður að fá kostunaraðila á björgunaraðgerðir. Þá má merkja slökkviliðsbúningana hinum og þessum stórfyrirtækjum og mála á bílana í bleiku og gulu: Þessi björgunaraðgerð er í boði Glaums, Haugs eða Draugs.

**ER** nema von að slökkviliðsmenn séu bálreiðir?


Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



200 fríar debetkortafærslur



GULLVILD
- vertu góðu vanur

Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

Gullvild Íslandsbanka er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustuþættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.

Önnur fríðindi:
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkorti
- Betri vaxtakjör
- ... og margt fleira

ÍSLANDSBANKI | 100%